4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Raquel isabel Díaz Kt. 061272-2409
Gunnð þór Geirsson - 111180-4909

Kópavogsbraut 94.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

16

1/2

# 17-Ábending inn á Facebook síðu !!

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Sigríður Snæbjörnsdóttir <sigridursnae@gmail.com> |
| **Heiti** | : | 17-Ábending inn á Facebook síðu !! |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 15:04:05 |
| **Höfundur** | : | Sigríður Snæbjörnsdóttir <sigridursnae@gmail.com> |

https://www.facebook.com/groups/358648174496010/permalink/1604233469937468/?sfnsn=mo&ref=share

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

16
2/2

# Þórunn Björnsdóttir

February 16 at 9:27 PM ·

skipulag@kopavogur.is

Kæru Kársnesbúar

Hér fyrir neðan er bréf til skipulagsdeildar með athugasemdum um "vinnslutillögu" á reit 13 en frestur til að skila athugasemdum rennur út kl.16:00 á morgun, fimmtudaginn 17. febrúar.

Ykkur er frjálst að afrita allt bréfið eða hluta úr því ef þið viljið og senda í ykkar nafni. Munið að þögn er sama og samþykki.

**Athugasemdir við „vinnslutillögu" á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi**

Í framhaldi „opins húss" í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

17
1/3

Kópavogur, 17. febrúar 2022

B.t. Skipulagsdeildar

**Efni: Umsögn vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1-3 og Þinghólsbrautar 77-79 (reitur 13)**

Breyting á deiliskipulagi reits 13 hefur verið til skoðunar hjá skipulagsyfirvöldum Kópavogsbæjar í rúm fjögur ár. Tillagan sem nú er í forkynningu á vinnslustigi hefur mætt töluverðri gagnrýni frá afmörkuðum hópi íbúa á Kársnesinu, nú síðast á opnum kynningarfundi sem haldinn var 10. febrúar síðastliðin í safnaðarheimili Kópavogskirkju.

Að mati undirritaðs, sem er fulltrúi eins af lóðarhöfum á reit 13 og fylgst hefur með málinu frá upphafi, snýr stærstur hluti þeirrar gagnrýni þó ekki beint að tillögunni sem slíkri heldur er uppsöfnuð óánægja með það hvernig haldið hefur verið utan um skipulagsmál á Kársnesinu. Það kom berlega í ljós á áðurnefndum kynningarfundi þar sem umræðan fór um víðan völl og í raun fór lítill hluti fundarins í að ræða tillöguna sjálfa heldur var meira rætt um hið þó lögbundna ferli skipulagsmála sem lítið erindi átti á þennan fund sem fjalla átti um vinnslutillöguna um reit 13.

Á fundinum var mikið fjallað um þá gjá sem hefur myndast milli þessa íbúahóps og skipulagsyfirvalda í Kópavogi sem er afleiðing vinnubragða við þróun og breytingu á Fannborgarreit og miðbæ Kópavogs. Samskipti við skipulagsyfirvöld voru gagnrýnd og fullyrt að spurningum væri svarað seint og illa með yfirgangi og hroka. Þá var sérstaklega vísað í málefni Fannborgarreitsins og spurningar íbúa um ósamræmi á milli eldra aðalskipulags og skipulagslýsingar um þróunarsvæðið Kársnes varðandi íbúðafjölda.

Einnig var fullyrt að búið væri að útrýma grænum og barnvænum svæðum á Kársnesinu. Samhliða fjölgun íbúða sé orðin skortur á ákveðinni nærþjónustu og innviðum á Kársnesinu og ekki í takt við loforð um 15 mínútna hverfið. Meðal annars vanti leikskóla, opin leiksvæði, matvöruverslun og aðra þjónustu. Pirringur er í íbúum um áhrif borgarlínu á Kársnesið og hvernig útivistarsvæði eins og göngu og hjólastígur umhverfis Kársnesið sé nú skilgreindur sem stofnstígur höfuðborgarsvæðisins og í raun orðin hjólahraðbraut fyrir íbúa annarra sveitarfélaga.

Almenn skoðun þessa hóps er að ekki sé komið til móts við vilja og þarfir íbúa á Kársnesinu og að skortur sé á skipulagi og heildarsýn fyrir hverfið. Staðarkostir séu illa nýttir, þéttingarstefnan yfirgengleg og samráð við íbúa sé marklaust og blekkingarleikur skipulagsyfirvalda.

Hið rétta er að íbúar fengu að taka þátt í að móta og undirbúa grunnforsendur fyrir skipulag á Kársnesinu. Íbúar tóku þátt í að móta skipulagslýsingu um þróunarsvæðið Kársnes þar sem væntingar og stefna þeirra og skipulagsyfirvalda um mannlíf og byggð á svæðinu var mörkuð. Eftir þeirri skipulagslýsingu hefur verið unnið á þróunarsvæðinu undanfarin sex ár og er reitur 13 í fullu samræmi við skipulagslýsingu sem var unnin með íbúum hvort sem um ræðir fjölda íbúða, íbúðarfermetrar, bílakjallarafermetrar osfrv.

Á reit 13 eru í dag gömul iðnaðarhús sem hýsa Hjálparsveit Skáta í Kópavogi, fiskvinnslu, bifreiðaverkstæði og aðra óþrifalega starfsemi og er reiturinn næst þeirri byggð sem fyrir er á Kársnesinu. Fyrir vikið var meirihluti hönnunarforsenda reitsins á þá leið að mikilvægt væri að aðlaga uppbygginguna að eldri byggð og að bæjarhlutinn yrði jafn eða meira eftirsóknarverður til búsetu og áður. Hönnuður tillögunnar og skipulagsyfirvöld náðu því fram með lágstemmdri og grænni byggð, lágum húsum á stórum hluta reitsins sem stallast upp í 4-5 hæðir til norðurs við fyrirhugaða borgarlínu, fáum sem engum bílastæðum sjáanlegum við sjávarsíðuna og einnar hæðar raðhúsum við Þinghólsbraut í takt við húsamynstur í götunni. Einnig er nýtingarhlutfall á lóðinni lægra en á öðrum reitum.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

17
2/3

Þegar byggt er nærri rótgróinni byggð, sér í lagi einbýlishúsahverfum, er alltaf viðbúið að það muni sæta ákveðinni gagnrýni af hálfu þeirra sem næst búa. Það er ekkert nýtt og til eru mörg dæmi nálægt okkur bæði í Kópavogi og Reykjavík. Nú er verið að fjárfesta í stærstu samgönguumbótum síðari tíma með tilkomu borgarlínu og eru samgöngumiðaðir þéttingareitir líkt og reitur 13 mikilvægur ef vel á að standa að þeirri uppbyggingu og breytingu á samgöngum. Það er oft hræðsla við breytingar en oftar en ekki eru flestir sáttir við útkomuna, auk þess að breytingar sem þessar hafa oftar en ekki verulega jákvæð áhrif á hverfin í heild sinni og leiða gjarnan til hærra fasteignaverðs. Nú er hins vegar allt annað í gangi hjá íbúum. Það hefur átt sér stað mikil smölun á mótmælendum með tilhæfulausum hræðsluáróðri um spillingu hjá skipulagsyfirvöldum og rangfærslum um tillöguna og vinnslu hennar.

Nú síðast var sett inn á hópinn Kársnesið okkar á Facebook tilbúið bréf sem fólk er hvatt til að afrita og senda skipulagsyfirvöldum til að mótmæla tillögu um reit 13. Það má leiða að líkum að þarna muni einhverjir íbúar senda bréf í blindni án neinnar skoðunar á tillögunni sjálfri og kostum hennar. Það er ekki vænlegt fyrir heiðarlega og markvissa umsögn. Í bréfinu eru talin upp sjö atriði sem höfundur bréfsins lýsir andstöðu við.

Þar er gagnrýnt að vinnslutillagan feli í sér alltof þétta og háa byggð og nýti ekki landgæði. Hið rétta er að byggðin er lágreist á 2-3 hæðum á langstærstum hluta reitsins en hækkar í 4 hæðir með innfellda fimmtu hæð nyrst við Borgarlínu og samkvæmt ramma í skipulagslýsingu. Einnig er mikið um opin, falleg og barnvæn græn svæði í tillögunni. Landgæði eru vel nýtt enda er um að ræða eina fallegustu byggingarlóð á höfuðborgarsvæðinu og ýtir undir mannlíf við höfnina samhliða hugmyndum skipulagsyfirvalda þar.

Bent er á að útsýnisskerðing og skuggamyndun sé langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum. Að mati undirritaðs er útsýnisskerðing mjög lítil og hefur engin áhrif á stóran hluta nærliggjandi byggðar. Hönnuður tók mikið tillit til þessara þátta. Gert er ráð fyrir einnar hæða raðhúsum á lóð við Þinghólsbraut og vegna landhalla til vesturs er önnur uppbygging á reitnum að miklu leyti falin þar á bak við. Ekki má gleyma því að í dag eru þarna gömul iðnaðarhús sem mörg eru í niðurníðslu, bílhræ og rusl. Skuggavarp er sýnt vel í vinnslutillögunni og ekki er að sjá þar að byggðin hafi þau neikvæðu áhrif sem þeim er ætlað af bréfahöfundi.

Haldið er fram að nýtingarhlutfall sé of hátt og í engu samhengi við aðliggjandi byggð. Það er eðlilegt að nýtingarhlutfall sé hærra en á einbýlishúsalóðum. Reiturinn er hins vegar skilgreindur inn á þróunarsvæðinu Kársnes sbr. skipulagslýsingu frá 2017. Þar sést skýrt að nýtingarhlutfall á reit 13 er nokkuð lægra en á öðrum sambærilegum reitum.

Í bréfinu er bent á íbúagötur líkt og Þinghólsbraut og Sunnubraut anni illa núverandi bílaumferð og aukin umferð auki slysahættu. Niðurstöður VSÓ, sem taka tillit til breytinga vegna borgarlínu og umferðarstefnu eru hins vegar á þá leið umferð vestast á Þinghólsbraut minnki á meðan umferð um Bakkabraut eykst. Einnig er bent á að reitur 13 hefur óveruleg áhrif á umferð yfir höfuð.

Tekið er fram að lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eigi enga samleið með reiðhjóla samgöngum. Þessi athugasemd kemur tillögunni lítið við og ætti að vera annar farvegur fyrir slíkar umræður.

Aftur er bent á að útsýni til sjávar hverfi úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist sem ekki verður við unað. Það er auðvitað ekki rétt að útsýni til sjávar hverfi úr öllum áttum þó að útsýni takmarkist frá einstaka húsum. Ekki er síðan hægt að taka undir að aðgengi að sjó skerðist enda er ekkert aðgengi í gegnum reitinn í dag að sjávarsíðunni. Aðgengi og umhverfi við höfnina mun í raun batna enda er það metnaður lóðarhafa og Kópavogsbæjar að haga frágangi stíga og umhverfis eins og best verður á kosið.

Að lokum er gerð krafa um að ýta tillögunni til hliðar og byrja upp á nýtt þar sem staðarkostir séu betur nýttir fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Allt það sem er forsenda bíllaus lífstíls og mannlífs

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

(17)

3/3

skorti á Kársnesinu, hverfisverslun, leikskóli, leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Þetta á ekki við rök að styðjast. Margt í þessari upptalningu er nú þegar í hverfinu og annað er í vinnslu. Kópavogsbær hefur eyrnamerkt lóðir og svæði á vestur og norður hluta Kársnes undir frekari uppbyggingu innviða og þjónustu. Bæði við hafnarsvæðið í kringum bátahúsin við Bakkabraut og norðar á nesinu.

Þessi umræða um heildarmyndina á rétt á sér. En fyrir vikið hefur ekki náð að eiga sér stað markviss umræða um vinnslutillöguna. Vinnslutillagan er unnin frá heimild og grunnforsendum sem voru ákveðnar á lýðræðislegan hátt í skipulagslýsingu fyrir þennan hluta Kársness. Það hefur staðið til að byggja 160 íbúðir á þessum reit frá þeim tíma og búið er að byggja og selja rúmlega 300 íbúðir á undanförnum árum með þeirri framtíðarsýn. Hverfið var kynnt þannig á myndrænan hátt og væntingar kaupenda og nýrra íbúa eru að sú uppbygging myndi ganga eftir.

Það er gríðarlegur skortur á nýjum íbúðum á höfuðborgarsvæðinu með tilheyrandi afleiðingum á fasteignamarkað, verðbólgu og getu ungs fólks að kaupa sér sína fyrstu eign. Þessi töf sem orðin er á deiliskipulagi reits 13 er með ólíkindum og hefur tillagan fengið mikla og ítarlega kynningu ásamt því að töluvert samráð hefur átt sér stað, bæði með mótun grunnforsenda um reitinn og með forkynningu fyrir íbúum sem hafa hagsmuna að gæta.

Það er kominn tími á að skipulagsyfirvöld standi við þá heildarmynd af Kársnesinu sem hefur verið kynnt og setji umrædda tillögu í lögformlegt deiliskipulagsferli. Tillagan á sér heimild í aðalskipulagi og skipulagslýsingu um Kársnesið, ákveðin sameiginlega af íbúum og skipulagsyfirvöldum. Hún er hluti af eðlilegri þéttingarstefnu Kópavogsbæjar og passar vel inn í þá samgöngusýn sem boðuð er. Í framhaldinu þarf að kynna uppbyggingu á innviðum og annarri þjónustu sem íbúar hafa lengi beðið um.

Með von um að umsögn mín verði gagnleg og tillit tekið til við afgreiðslu skipulagsyfirvalda,

Virðingarfyllst,

Einar Steindórsson
Framkvæmdastjóri Vinabyggðar ehf.

Einar Þ. Ste

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

(18)

## Re: reitur 13 á kársnesi

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Marinella Arnórsdóttir <marnorsdottir@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Re: reitur 13 á kársnesi |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 14:51:07 |
| **Höfundur** | : | Marinella Arnórsdóttir <marnorsdottir@gmail.com> |

191292-3089

Kársnesbraut 64

On Thu, Feb 17, 2022 at 2:50 PM Skipulag <Skipulag@kopavogur.is> wrote:

Sæl Marinella.
Vinsamlega sendu kennitölu og heimilisfang.

Með kveðju,
Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar.
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
www.kopavogur.is
gudmundurgg@kopavogur.is
Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

-----Original Message-----
From: Marinella Arnórsdóttir <marnorsdottir@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 14:07
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: reitur 13 á kársnesi

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag.

Marinella Arnorsdottir

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

19

**From:** Hjördís Gestsdóttir <hjordis1970@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 13:09
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Kársnes

Góðan daginn,

Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það

markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

B.kv.

Hjördís Bára Gestsdóttir kt. 260570-5369.

Melgerði 26

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Re: Skipulag Kársness

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Sigurður Jóhannesson <siggijo@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Re: Skipulag Kársness |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 14:41:31 |
| **Höfundur** | : | Sigurður Jóhannesson <siggijo@gmail.com> |

Sæll Guðmundur,
Ég bý í Súlunes 20, Garðabæ og er kt 1003704259

On Thu, Feb 17, 2022 at 2:35 PM Skipulag <Skipulag@kopavogur.is> wrote:

> Sæll Sigurður.
> Vinsamlega sendu kennitölu og heimilisfang.
>
> Með kveðju,
> Guðmundur G. Gunnarsson
> ritari skipulagsdeildar.
> Umhverfissvið Kópavogs
> Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
> www.kopavogur.is
> gudmundurgg@kopavogur.is
> Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
> Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
> Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.
>
> -----Original Message-----
> From: Sigurður Jóhannesson <siggijo@gmail.com>
> Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 13:02
> To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
> Subject: Skipulag Kársness
>
> Góðan dag
> Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."
>
> Kveðja/Best regards
> Sigurdur Holmar Johannesson

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

21

**From:** Asta Magnusdottir <astakorstjori@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 12:49
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Deiliskipulag svæði 13

Góðan daginn

Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.

Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).

Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.

Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.

--

Með kveðju, Ásta Magg.

---

Ásta Magnúsdóttir Kt. 100879-5229 Brautartunga 36

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

# Re: Skora á

22

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Bergþóra Þorsteinsdóttir <begga09@hotmail.com> |
| **Heiti** | : | Re: Skora á |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 14:25:25 |
| **Höfundur** | : | Bergþóra Þorsteinsdóttir <begga09@hotmail.com> |

Kt.090993-2089
Hafnarbraut 12E, íbúð 102

Bestu kveðjur, Bergþóra Þorsteinsdóttir

> On 17 Feb 2022, at 13:56, Skipulag wrote:
>
> ?Sæl Bergþóra.
> Vinsamlega sendu kennitölu og heimilisfang.
>
> Með kveðju,
> Guðmundur G. Gunnarsson
> ritari skipulagsdeildar.
> Umhverfissvið Kópavogs
> Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
> www.kopavogur.is
> gudmundurgg@kopavogur.is
> Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
> Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.
> Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.
>
>
>
>
> -----Original Message-----
> From: Bergþóra Þorsteinsdóttir
> Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 12:40
> To: Skipulag
> Subject: Skora á
>
>
> Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag.
>
> Bestu kveðjur, Bergþóra Þorsteinsdóttir

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

(23)

## Reitur 13

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Gestur Thorisson <gesturt@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Reitur 13 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 14:10:55 |
| **Höfundur** | : | Gestur Thorisson <gesturt@gmail.com> |

Sæl/sæll,

Mig langar til að lýsa yfir ánægju með skipulagstillögunar á reit 13 við kópavogshöfn á Kársnesi. Vonandi að þetta verði samþykkt svo hægt sé að halda áfram með mjög svo þarfa uppbyggingu á svæðinu.

Kveðja,
Gestur Þórisson
130175-4149

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

24

1/2

# Athugasemdir við Vinnslutillögu Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Sigurður Ingi Hauksson <siggi.haukss@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir við Vinnslutillögu Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 13:34:32 |
| **Höfundur** | : | Sigurður Ingi Hauksson <siggi.haukss@gmail.com> |

Ég geri eftirfarandi athugasemdir við framlagðar vinnslutillögur skipulagssviðs Kópavogsbæjar að Reit 13 við utanvert Kársnes.

Fyrst vil ég almennt mótmæla þeirri þróun sem Kópavogsbær hefur fylgt eftir á Kársnesinu þar sem strandlengjunni er raskað verulega fyrir mjög þétta og kalda byggð. Kársnes hefur verið byggt upp með einbýli, parhúsum og smærri fjölbýlishúsum en nú hafa verið gerðar verulegar breytingar þar á sem rýrir ásýnd og gæði okkar sem þegar búum Kársnesið. aBendi á landfyllinguna í Fossvogi og hvernig afar skemmtilegum stíg og umhverfi þar var fórnað fyrir háhýsi í anda allt of þröngra stórborga. Þarna fer áfram græðgissjónarmið á kostnað þeirrar gæða sem íbúar á Kársnesinu hafa notið og jafnvel valið að flytja til. Með þessari framlögðu vinnslutillögu heldur þessi þróun áfram.

1. Framlögð vinnslutillaga gefur til kynna mjög þétta byggð sem reist verður við þunga umferðargötu ( hluta Borgarlínu). Gerð er athugasemd við nýtingarhlutfall sem ég tel allt of hátt á reitnum mtt umferðar til/frá.

2. í framlögðum teikningum er gert ráð fyrir að raska mjög landi við strandlengjuna, strandlengju sem nú er mikið nýtt til útivista almennings á Kársnesi. Nú þegar er lítil smábátahöfn og stígar að og frá en sunnan við hana hefur verið rætt um sjó-baðs aðstöðu. Undirrituðum sýnistaugljóst að raska þurfi mjög strandlínu til að koma fyrir stígum og sjóbaðsaðstöðu og/eða Ylströnd sem ma Skipulagsstofnun hefur gert athugasemdir við. Vernda ber ströndina en ekki raska til að koma þéttri byggð fyrir eða öðru á þessum fallega reit.

Úr fundargerð á veg Kópavogsbæjar :

*" Það að útbúa ylströnd eru mikil inngrip í strandlengju á Kársnesi sem er að mestu friðlýst. Ylströnd sem yrði útbúin með landmótun og upphituðu lóni við strandlengju Kársnes getur haft mikil umhverfisleg áhrif á botnalíf og líffræðilegan fjölbreytileika við strandlengju. "*

3. í mótmæli alfarið áformum um nýjan fyrirhugaðan hafnarkant til vesturs og suðurs.

4. Gerð er athugasemd við fyrirhugaða hæð húsanna allt að 5 hæðum. Svo háar bygginga munu skerða mjög útsýni, birtu og hita að nærliggjandi húsum bæði á Þingholtbraut og í fjölbýli við Hafnarbraut. Einnig er augljóst að fyrirhugað miðsvæði fyrir íbúa þessa complex verður í skugga síðdegis og því líklegt að verði ekki vinsælt til nota íbua. Nú þegar eru gerð sömu mistök í fjölbýlishúsum við Hafnarbraut og Bakkabraut.

5. Gerð er athugasemd við fyrirhugað byggingarfyrirkomulag húsanna þar sem hæstu húsin innan reitsins eru yst og nyrst Þar með eru skuggaáhrif frá sólaljósi hámörkuð í átt að Hafnarbraut en í dag njóta íbúði

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

24

2/2

þar sólargangs. Fólk nýtur sólar mest miðdegis og síðdegis og ber því að haga uppstillingu þannig að þegar miðdegissól og síðdegissól fái að njóta sín niður að íbúðum og að opnum svæðum. Þess vegna ættu hæstu íbúðir að vera sem mest í austri. Og alls ekki að hafa hæstu húsin í ystu línu. Hönnuðir virðast hafa gleymt þeirri staðreynd hve norðarlega á jarðkringlunni Kársnesið í við Kópavog er með lágum sólargang.

6. Gerð er athugasemd við umfang húsa á reitnum og þéttleikann. í stað þess að svæðið verði nýtt sem grænt svæði fyrir alla íbúa Kársnes eru þröngt skugga svæði sett inn í miðju bygginga og ekkert pláss til útvista ss. græn svæði eða slíkt. Ég mótmæli þessari græðgisvæðingu sem felur í sér allt of þétta byggð innan svæðisins..

7. Enn erum við að sjá þessa útópísku hugmyndafræði að allur almenningur leggi einkabílnum og verði hjólandi. Langt er í alla þjónustu frá þessu svæði hvort sem um ræði leikskóla, grunnskóla, menntaskóla, verslun, íþróttir, sund og hvað annað slíkt. Fólk á þessu svæði ásamt annari byggð úti á Kársnesinu sem þegar er orðin mjög þétt mun nýta sér einkabíl til að ferðast um. Auðvelt er að benda á það í dag að mjög íllfært er með kerrur og/eða hjól um Kársnesið og beinlínis hættulegt að senda börn gangangi eftir gangstéttum sem eru ílla ruddar vegna snjóa. Nú þegar eru talsverð vandræði að finna bílastæði fyrir gestkomandi að fjölbýlishúsum við Hafnarbraut og Bakkabraut. Ég geri því athugasemd að ekki skuli vera gert ráð fyrir nægum bílastæðum við þessar íbúði og að lítið sem ekkert sé hugsað til umferðar frá og til hvort sem um er að ræða hjólandi eða í einkabíl.

8. í kynningu var sérstaklega bent á að ekki væri gert ráð fyrir neinni þjónustu á reit 13 en til athugunar væri að koma henni fyrir á frekari landfyllingu. Þessu er algerlega mótmælt, vel má koma fyrir þjónustu, kaffihúsum eða hverju sem er innan reitsins sem myndi einnig auka gæði svæðisins sem heildar og jafnvel draga okkur íbúa annarsstaðar af Kársnesi enn frekar að svæðinu.

Sigurður Ingi Hauksson
Skólagerði 48
300472-4519

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

25

**From:** Andri Sigurðsson <andri@landmark.is>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 12:04
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Tillaga um breytt deiliskipulag Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79.

Góðan dag,

Ég hef fylgst með umræðu um Reit 13 og skoðað vinnslu tillöguna sem nú liggur fyrir. Það kemur mér í

raun á óvart hvað verið er að byggja lítið af íbúðum á þessum flotta reit á einum besta stað í Kópavogi. Þarna hefði auðveldlega verið hægt að koma fyrir fleiri íbúðum og það er ekki endilega vilji Kópavogsbúa sem þarna vilja búa að einungis sé verið að taka tillit til nokkurra einbýlishúsa í nágrenninu og hanna hverfið í kringum þeirra þarfir. Það þarf líka að hlusta á alla aðra sem langar að flytja á þennan flotta stað í Kópavogi við sjóinn þar sem er mikil veðursæld og flott útsýni nálægt útivistarperlum.

Þar sem ég er fasteignasali og fylgist vel með þróun mála í sveitarfélaginu þá þykist ég hafa vissu fyrir því að það mun verða mikil eftirspurn eftir íbúðum á þessu svæði í Kópavogi. Þetta er fallegt svæði og deiliskipulags tillagan er vel unnin af mikilli fagmennsku. Ég er búinn að sýna þessa tillögu mörgum af mínum viðskiptavinum sem eru mjög hrifnir af tillögunni og hafa sýnt því áhuga að búa þarna þegar þessar íbúðir verða byggðar.

Þar fyrir utan er okkur fasteignasölum ljóst að það er gríðarlegur skortur á íbúðum á öllu höfuðborgarsvæðinu og þá líka í Kópavogi. Skipulagsyfirvöld bera því þá ábyrgð að flýta málum svo hægt sé að byggja fleiri íbúðir. Ég er fylgjandi því að þessi deiliskipulags hugmynd fái framgang og þarna verið hafist handa við að byggja sem fyrst. Ef við leyfum íbúðarskorti að halda áfram að viðgangast þá mun verð hækka sem svo fer út í verðbólguna og þá tapa allir.

**Með kveðju, Andri Sigurðsson** | Löggiltur fasteignasali, eigandi og félagsmaður í Félagi fasteignasala
**Gsm: 690 3111** | **andri@landmark.is**
**LANDMARK fasteignamiðlun** | Hlíðasmári 2 | 201 Kópavogur | Sími 512 4900 | **www.landmark.is**

Kt. 301173-4159
Faldarhvarfi 5.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

26

# Mótmæli á nýrri tillögu bæjarins að skipulagi á Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut. Kt.230388-2109.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Rannveig Sigurbjornsdottir <raggan@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Mótmæli á nýrri tillögu bæjarins að skipulagi á Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut. Kt.230388-2109. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 13:01:41 |
| **Höfundur** | : | Rannveig Sigurbjornsdottir <raggan@gmail.com> |

Góðan daginn,

Ég má til með að koma fyrst af öllu á framfæri óánægju minni með skipulagsmál Kópavogsbæjar. Mér finnst illa staðið að upplýsingum til nánasta umhverfis hvað varðar breitingar og það er ekki nema að maður sökkvi sér djúpt í umræðuna sem maður finnur hvað er virkilega í gangi. Það er fyrir neðan allar hellur og þvert á það sem Kársnesið stendur fyrir að fara að troða mjög mörgum háum húsum á mjög lítinn blett (með tilheyrandi útsýnismissi fyrir húsin í kring). Það er varla hægt að finna grænt svæði á Kársnesinu lengur (grasgrænu þökin á kynningartillögu eru mjög villandi) og minna en eitt bílastæði á íbúð.

Nú þegar hafa framkvæmdir og aukning íbúa haft neikvæð áhrif á mörgu leyti, og ég neita harðlega að gengi verði yfir okkur Kópavogsbúa áfram eins og hingað til hefur verið gert!

Fyrir hönd íbúa í Melgerði 40,
Rannveig

Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

27

1/2

**From:** Kári Hrafn Kjartansson <karihk1003@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 08:25
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Vinnslutillaga á reit 13 á Kársnesi

Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vill undirritaður íbúi á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Ég krefjst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þingholsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

27 2/2

Ég skora á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Ég skil kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Ég tel vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu við íbúa þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi en ekki fjárfesta.

Virðingarfyllst,

Kári Hrafn Kjaransson KL. 100372-5419

Kópavogsbr. 106.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

(28)

# Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | María Louisa Einarsdóttir <majaeinarsd@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 12:45:35 |
| **Höfundur** | : | María Louisa Einarsdóttir <majaeinarsd@gmail.com> |

Góðan dag. Kt. 291045-6859

Mig langar að koma á framfæri almennum athugasemdum um þéttingarstefnu yfirvalda í Kópavogi hér þó að ég eigi ekki beinna hagsuma að gæta varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir í vesturbæ Kópavogs fremur en að vera íbúi í Kópavogi og bera hag bæjarins fyrir brjósti.

Það er einkenileg og á vissan hátt eyðileggjandi stefna í gangi því að mjög víða er verið að breyta vinalegu umhverfi í "kraðak" steinsteypu með háum húsbyggingum og lágmarkssvæði á milli húsa en bæði börn og fullorðnir hafa þörf fyrir athafnasvæði og að hafa eitthvað annað að horfa á en næstu blokk. Það eru börnin, sem við viljum öll hlúa vel að - er það ekki? Að auki fylgir stóraukin bílaumferð til og frá þessum svæðum með tilheyrandi mengun, stöðugum hávaða og lífshættu.

Ég er ákaflega ósátt við ýmsar nýjar framkvæmdir í bænum og vil ég þá sérstaklega nefna Traðarreit eystri og tel mig hafa mikilla hagsmuna að gæta varðandi þá framkvæmd. Ég veit um fjölda manns - íbúa í næsta nágrenni við það svæði - sem mótmælti því skipulagi en ég veit ekki til, að neitt tillit hafi verið tekið til þeirra. Það hefur komið sér vel í þessum breytingum, að knýja þær í gegn á kovidtímum. Það hefur verið erfitt að halda kynningarfundi í rauntíma og fundir á netinu hafa allt önnur áhrif og mun fleiri missa af þeim.

En því miður eru greinilega nýjar stefnur í því, hvernig kynningarfundir í rauntíma eru haldnir. Sem dæmi er fundur um Traðarreit eystri og hvernig skipulag hans var. Viðstaddir fengu ekki að koma með spurningar eftir kynningarerindi en urðu að gjöra svo vel að koma sér fyrir í smáum hópum eftirá og ræða málin. Umræða var bönnuð með öllum þátttakendum strax að loknu hverju erindi og hljóta allir að sjá hversu ólýðræðisleg slík tilhögun er og til þess gerð að "valta yfir" viðstadda.

Mér er ljóst að þéttingarstefna er ráðandi í bæjarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Það má alveg færa rök fyrir henni á ýmsan hátt en að mínu mati er tillitsleysi við íbúa nærliggjandi svæða ótrúlega mikil og hún gengur alltof langt! Íbúðamagn á flestum þessara svæða er svo yfirþyrmandi og ómanneskjulegt, að engu tali tekur. Að troða 180 íbúðum niður á reit, þar sem áður voru skilgreindar 12 íbúðir í vinalegu og grænu umhverfi er engu lagi líkt!!!

En mig grunar, að það sé ekki rétt að sakast við ykkur hjá Skipulagi Kópavogs, það eru aðrir aðilar í bæjarfélaginu, sem ráða för, því miður. Ég trúi ekki öðru en velmenntað og velmeinandi starfsfólk hjá stofnuninni vildi helst vera laust við að hanna og setja nafn sitt við þessi ómanneskjulegu hverfi.

En ég vil þakka ykkur fyrir framúrskarandi starf í tengslum við útivistarsvæði mörg hver og skólalóðir. Þar er margt mjög ánægjulegt í gangi.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

(29)

From: Margret Asgeirsdottir <maggahogna75@gmail.com>
Sent: fimmtudagur, 17. febrúar 2022 09:46
To: Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
Subject: Vegna reits 13, Kópavogur

Góðan daginn

Ég vil koma á framfæri við skipulagsyfirvöld í Kópavogi ánægju minni með þá vinnslutillögu sem hefur verið kynnt fyrir Reit 13. Þarna er mjög metnaðarfull tillaga um fallega hannaða byggð lögð fram af arkitekt og skipulagsyfirvöldum.

Það er sérstaklega ánægjulegt hversu vel hefur tekist að aðlaga þessa hönnun við þá byggð sem fyrir er. Þarna er tekið mikið tillit til þess að það er verið að sauma saman byggð við annars vegar einbýlishús byggð og hins vegar fjölbýli. Einnig er byggðin í miklum halla svo hún skyggir lítið sem ekkert á útsýni frá núverandi íbúðum og húsum. Auðvitað geta núverandi íbúar aldrei búist við því að allt útsýni haldist óbreytt en það er vel hugað að þessu í tillögunni. Þar sem ég hef fylgst vel með fasteignamálum í Kópavogi er ég sannfærð um að allar íbúðir og fasteignir í nágrenni við þennan reit munu hækka í verði þegar þessu er lokið enda næsta öruggt að framtíðar kaupendum langar frekar að búa í nágrenni við svona flotta byggð en að búa í nágrenni við fiskvinnslu og gamalt iðnaðarhverfi með allri þeirri starfsemi sem því fylgir.
Ég gæti vel séð fyrir mér að búa þarna í framtíðinni og hvet bæjaryfirvöld til að standa þétt við bakið á íbúum í sveitarfélaginu með því að fjölga íbúðum sem mest og þannig að sporna við hröðum hækkunum á fasteignaverði.

Með fullri virðingu og vinsemd,

Margrét Högna Ásgeirsdóttir Kt. 260575-5039
Fellahvarf 32.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

30

**From:** Irpa Sjofn Gestsdottir <irpasg73@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 11:57
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Áskorun til bæjaryfirvalda

"Ég skora á Kópavogsbæ að falla frá vinnslutillögu um reit 13 á Kársnesinu og nýta svæðið til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og nálægð við sjávarsíðuna. Ég skora á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu og samhengi við aðra reiti þannig að það

markist af þörfum íbúa á Kársnesi og tryggi mannvænlegt samfélag."

Kv. Irpa Sjöfn íbúi í Holtagerði

Kt. 260673-3949
Holtagerði 1

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

31

**From:** Böðvar Jónsson <bodvar@isverk.is>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 09:36
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Vegna reits 13

Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79 en um þá tillögu hefur verið kynnt vinnslutillaga sem er til umræðu hjá bæjarbúum og er kölluð Reitur 13.

Ég hef kynnt mér vinnslu tillögu af svæði 13 í kringum Bryggjuvör og er mjög ánægður með tillöguna. Það er mikið gleðiefni fyrir okkur sem erum hjólamenn og Kópavogsbúar að loks eigi að klára þetta svæði við höfnina. Það er alveg ljóst að það fer ekki saman að vera með íbúðir eins og eru að rísa út um allt á Kársnesinu núna og svo þeirri iðnaðarstarfsemi sem fer fram í þeim iðnaðar húsum sem í dag eru á reitnum. Ég vil sjá þarna koma fallega byggð og er ánægður með hvernig arkitekt tillögunnar og skipulagsyfirvöld í Kópavogi hafa farið milliveginn í að gera þarna lágstemmda byggð en þó glæsilega í takt við það hverfi sem er fyrir. Þarna eru hús á 2 hæðum og svo hús sem eru á 4-5 hæðum og eru þau sett í landslagið þannig að það komi vel út og allir geti notið góðs af.

Einnig er mjög skynsamlegt að byggja upp sem flestar íbúðir nálægt borgarlínunni sem á að fara þarna í gegn og yfir brúna sem á byggja yfir í Nauthólsvík. Brúin og þétting byggðar í kringum Borgarlínu ber merki um metnað hjá skipulagsyfirvöldum.

Það hefur þó verið lengi til skammar fyrir Kópavogsbæ að skilja þessa perlu eftir í niðurníðslu í meira en áratug. Ég hef oft farið þarna framhjá á hjóli eða í göngutúr og tekið eftir því hvernig ungt fólk safnast þarna saman í annarlegu ástandi. Kópavogsbær ber ábyrgð á því að þarna komi falleg íbúðabyggð sem fyrst enda er það í takt við þær fyrirætlanir sem bærinn hefur lofað bæjarbúum og það aðalskipulag sem er í gildi.

Ég styð að sú deiliskipulagstillaga sem lögð hefur verið fram fái samþykki í Skipulagsráði og að þarna verði hafin vinna sem fyrst við nýja glæsilega íbúðarbyggð.

Virðingarfyllst

Böðvar kt. 170476 5149
Fellahvarf 32.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

32

**From:** Magnus Gunnlaugsson <magnus.gunnlaugsson@gmail.com>
**Sent:** fimmtudagur, 17. febrúar 2022 10:30
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Vegan skipulagstillögu á Kársnesi - reitur 13

Góðan daginn

Vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir svæði 13 á þróunarsvæðinu langar mig til að koma því á framfæri að ég er hlynntur tillögunni. Hér er um að ræða alveg einstakt svæði og skemmtilegasta þróunar reitinn á Kársnesinu að mínu mati. Því er afar mikilvægt að vel takist til með skipulagið.

Eftir að hafa yfirfarið tillöguna þá finnst mér hún hafa komið sérstaklega vel út. Helstu kostir tillögunar finnst mér vera grænu þökin sem láta byggðina falla vel að núverandi byggð, hvernig byggðin stallast finnst mér flott og opnu svæðin á milli bygginganna finnst mér koma mjög vel út. Sérstaklega er garður vel útfærður.

Hönnuður tillögunnar hefur greinilega náð að fara mjög góðan milliveg við að búa til þarna fallega byggð og að leyfa húsunum sem fyrir eru að njóta sín.

Ég tel afar líklegt að uppbygging á reit 13 í þeirri mynd sem þarna er lagt til muni stórauka lífsgæði íbúa í nágrenni vegna þeirra gæða sem mun standa þeim til boða, allt frá bættu aðgengi að ströndinni til þeirrar þjónustu sem mun byggjast upp í tengslum við reit 13.

Til hamingju með þetta og vonandi sér maður framkvæmdir fara sem fyrst að stað enda ekki vanþörf á bæði vegna ástands svæðisins í dag og vegna mikils skorts á íbúðum í Kópavogi.

Kveðja,

Magnús Gylfi Gunnlaugsson Kt. 310769-3639
Nýja-Lundi v/Nýbýlaveg.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08.2026

33
1/2

## Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Harpa Halldórsdóttir <harpa80@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir við ?vinnslutillögu? á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 11:26:20 |
| **Höfundur** | : | Harpa Halldórsdóttir <harpa80@gmail.com> |

Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
Í tillögunni er gert ráð fyrir fimm hæða byggingum næst okkur á norðurhluta reitsins. Séð frá Hafnarbraut 9 mun hár veggur rísa sem takmarkar útsýni og birtu svo um munar. Þá er ljóst að birta frá hausti til vors skerðist einnig töluvert. Í gögnum tillögunnar er ekki skoðað skuggavarp yfir vetrarmánuðina frá 22. september til 20. mars. Birta og útsýni er eitt af veigamestu atriðum lífsgæða okkar íbúanna og teljum við að verðmæti eigna okkar bundið þessum atriðum órjúfanlegum böndum. Mikilvægt er því að leyfa alls ekki þessa hæð byggðar á reitnum og miða við deiliskipulag frá 1990 um hámarkshæð bygginga á norðurhluta reitsins, 3 hæðir. Einnig leggjum við til að húsnæði nái ekki lengra til vesturs en þau hús sem standa á lóð Hjálparsveitar skáta í Kópavogi.

**Stöndum vörð um náttúruna**

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem hefur gert Kársnesið að aðlaðandi svæði til að búa á er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi.

Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Á reitnum er tilvalið að nýta náttúrulega kosti til útiveru fyrir almenning, græn svæði og jafnvel baðaðstöðu.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við teljum vinnslutillöguna ekki þjóna hagsmunum íbúanna. Samráðsferli við íbúana hefði verið betri kostur og hefði mátt standa mun betur að því. Enn er hægt að snúa til betri vega í þeim efnum. Við erum tilbúin að leggja fram okkar hugmyndir og vinna að því að með skipulagsyfirvöldum að móta byggð fyrir fólk í sjálfbæru samfélagi. Varast ber að þjóna eingöngu þröngum hagsmunum fjárfesta.

Við áskiljum okkur rétt til að leita réttar okkar fari svo að vinnslutillaga þessi verði að samþykktu skipulagi og rétt til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum máls.

Virðingarfyllst,

Brynhildur Jónsdóttir, kt. 200565-3209

Hafnarbraut 9

íbúð 202

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08.2026

82

# V/ deiliskipulags viö Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Viktor Berg <viktorberg93@gmail.com> |
| **Heiti** | : | V/ deiliskipulags viö Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 19:10:15 |
| **Höfundur** | : | Viktor Berg <viktorberg93@gmail.com> |

Hæhæ,

Ég er ekki hlynntur þessu nyja deiliskipulagi og samþyki ekki.
Væri til í að sjá aðrar tillögur.

Kv. Viktor Berg (kt. 090693-2559)
Íbúi Hafnarbrautar 12A, 200 kóp.
--
Kv. Viktor Berg

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

83

# Athugasemd við deiliskipulag svæði nr. 13

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Matthías Björnsson <matthias@debet.is> |
| **Heiti** | : | Athugasemd við deiliskipulag svæði nr. 13 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 17:39:36 |
| **Höfundur** | : | Matthías Björnsson <matthias@debet.is> |

Góðan dag,

Mig langar að lýsa yfir ánægju minni eftir að hafa séð kynningu um deiliskipulag um svokallað svæði nr. 13 sem afmarkast af Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79.

Ég er alinn upp á Þinghólsbraut og svo Sunnurbraut og hef búið í Kópavogi mestan part af ævi minni og þekki því þetta svæði vel. Mér finnst tillögurnar vel útfærðar og hreyfi engum andmælum við þær. Þessi byggð er búin að bíða allt of lengi eftir afgreiðslu og miðað við þann mikla skort á íbúðum og lóðum á höfuðborgarsvæðinu er þörf á að fá fleirri íbúðir í Kópavogi. Kársnesið er gott íbúðarsvæði og meiri byggð styrkir nærumhverfið, það verður meira af fólki sem eykur líkur á meiri verslun og þjónustu á svæðinu auk þess að núverandi umferðaæðar þola alveg meiri umferð. Einnig munu innviðir svosem skólar nýtast mun betur. Síðan er líka kostur að þessi byggð er að byggjast upp við hliðina á Borgarlínu en öll þéttingar plön nálægt Borgarlínu hljóta að vera af hinu góða til að taka á umferðarvanda höfuðborgarsvæðisins.

Það eru ekki góð vinnubrögð að láta land sem þessa velkjast í kerfinu í 6 ár frá því að deiliskipulags lýsing var gerð fyrir Kársnesið og kynnt okkur íbúunum. Við eigum að vera þekkt fyrir að hreyfa okkur hraðar en þetta.

Varðandi tillöguna sjálfa þá er jákvætt að sjá þá fagmensku og þann metnað sem hefur verið settur í að gera þetta svæði aðlaðandi og fella byggðina inn í núverandi hverfi með þeim hætti að það aðlagast mjög vel. Það er einnig skemmtilegt að sjá að bílar og bílaumferð hefur verið færð frá höfninni og inn í garðinn og undir hann. Garðurinn verður mjög skemmtilegur fyrir íbúana og einnig smábátahöfnin og hafnarkanturinn. Það er einnig mikilvægt að hugsað hafi verið fyrir því að setja allt sorp í djúpgáma eins og hefur verið gert á öðrum svæðum í kring því það er framtíðin.

Mér finnst þessi byggð blandast vel inn í það hverfi sem þarna er að byggjast upp og einnig taka mjög mikið tillit til þeirrar byggðar sem er nú þegar til staðar.

Virðingarfyllst

Matthías Björnsson
310567 8339
Huldubraut 62
200 Kópavogi
Debet endurskoðun & reikningsskil

Suðurlandsbraut 30 108 Reykjavík
Sími 517 1000 - Fax 517 1055
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Efni hans og innihald er á ábyrgð þess starfsmanns sem sendir hann ef það tengist ekki starfsemi Debet ehf. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna.The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. The contents of the message are the individual senders responsibility if it is not related to the operation of Debet ehf

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08.2026

84

## Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Halli Ester <halliogester@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 16:34:31 |
| **Höfundur** | : | Halli Ester <halliogester@gmail.com> |

Til þeirra er málið varðar

Nú hef ég kynnt mér vinnslutillögu sem liggur fyrir á svæði 13 á Kársnesi og sýnist mér á öllu að tillagan sé mjög vel unnin og virðist mikið tillit vera tekið til hverfisins í kring. Mér sýnist gengið úr skugga um að byggðin sé lágreist fyrir framan einbýlishúsin á Þinghólsbraut en að sama skapi hækkar hún upp í fleiri hæðir þar sem nú þegar er komin 4-5 hæða byggð við Hafnarbraut.

Ég er örlítið undrandi á hvað þetta ferli hefur tekið langan tíma en ég hef fylgst með uppbyggingu á nýjum byggingum við Hafnarbraut og Bakkabraut og hef ætíð staðið í þeirri meiningu að hverfið ætti allt að rísa á svipuðum tíma. Hugmynd að reitnum litu dagsins ljós fyrir langt um löngu og í ljósi þess að það er gríðarlegur skortur á nýjum íbúðum á Kársnesinu er með ólíkindum hvað skipulagsyfirvöld hafa gefið sér rúman tíma í að klára þennan reit.

Í hjólatúrum um svæðið hef ég furðað mig á að þessi reitur er óbyggður enn og langt frá því að vera til fyrirmyndar fyrir Kópavogsbæ og stöðu hans sem útivistarbæjar.
Auk þess er starfsemin þar er ekki í anda þeirrar íbúabyggðar sem komin er á svæði.
Ófullkomin svæði sem þessi geta verið tilvalin fyrir óæskilega starfsemi á kvöldin og er það miður, bæði fyrir núverandi íbúa og aðra sem leið eiga þarna um, hvaða tíma sólarhrings sem er.

Það er einlæg ósk mín að þetta skipulag verði klárað sem fyrst svo að foreldrar á svæðinu geti andað léttar þegar börnin þeirra eru í útivist á svæðinu og að útivistarfólki sé tryggt öryggi þegar það á leið á eða í gegnum svæðið.

Virðingarfyllst

Ester Ósk Traustadóttir
Ennishvarfi 15a, 203 Kópavogi
kt. 270273 5649

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08.2026

85

**Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.**

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

**From:** bjorkkrist
**Sent:** miðvikudagur, 16. febrúar 2022 13:57
**To:** Skipulag
**Subject:** Tillaga að uppbyggingu á Kársnesi

Góðan daginn,

Eftir að hafa skoðað tillögur ykkar um nýtingu lóða að Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79, hvet ég ykkur eindregið til að hrinda þeim tillögum í framkvæmd sem fyrst.

Ég hef búið á Kársnesi um árabil og geng mikið um svæðið. Þessi reitur eins og hann er í dag er vægast sagt sóðalegur og fælir okkur íbúana frá útivist, bæði gangandi og hjólandi.

Eins er mjög áríðandi að Hjálparsveit fái nýtt og betra staðsett húsnæði.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Björk Kristjánsdóttir s.8421916 kt. 091148-3829
Kópavogstún 6.

Sent úr Galaxy

Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

(86)

# Ábending vegna deiliskipulagsvinnu við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Steindór Gunnarsson <steindor@gunnarsson.is> |
| **Heiti** | : | Ábending vegna deiliskipulagsvinnu við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77-79 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 14:49:38 |
| **Höfundur** | : | Steindór Gunnarsson <steindor@gunnarsson.is> |

Góðan daginn,

Ég hef verið að fylgjast með og kynna mér uppbygginguna á Kársnesinu undanfarið sem íbúi á Kársnesi og nú síðast fyrirhugað deiliskipulag við höfnina á suðvesturhorninu með því að horfa á kynningarfundinn á netinu um daginn.

Við hjónin förum reglulega í göngutúra á þessu svæði og einnig hjóla ég töluvert um svæðið. Það er synd að þessar lóðir við höfnina séu ekki komnar lengra í takt við þá breytingu sem er orðin á Hafnarbraut og Vesturvör svo ég tali nú ekki um uppbyggingu í Naustavörinni þar sem við búum.
Það er löngu orðið tímabært að þetta horn verði tekið í gegn og skíturinn og draslið sem tekur á móti manni þarna er ekki neinu bæjarfélagi til sóma.

Ég hef orðið var við gagnrýni á þessa uppbyggingu á samfélagsmiðlum en þegar maður skoðar tillöguna þá finnst mér þessi hús sem eiga að koma þarna falleg, vel útfærð og til sóma fyrir svæðið í heild sinni.
Ég held að þessi byggð eins og hún birtist manni geti verið fallegt kennileyti þarna á suðvesturhorninu og lýsir vel metnaði Kópavogsbæjar í skipulagsmálum. Þarna munu margir vilja búa og verður gaman að sjá hvernig áætlað er að höfnin breytist og mannlíf eykst á svæðinu.

Með vinsemd,
Steindór Gunnarsson
250756-4029
Naustavör 40

Kveðja - best regards

Steindór Gunnarsson
Framkvæmdastjóri / CEO

Fossaleynir 10
112-Reykjavík
tel: 354 535 1600

steindor@gunnarsson.is
www.gunnarsson.is

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

87 1/3

## Re: Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is> |
| **Heiti** | : | Re: Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 12:53:10 |
| **Höfundur** | : | Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is> |

Áslaug Pálsdóttir
KT: 040373-4629
Hólmaþing 15

Bestu kveðjur,
Áslaug Pálsdóttir

On 16 Feb 2022, at 12:51, Skipulag <Skipulag@kopavogur.is> wrote:

Sæl Áslaug.
Móttekið, vinsamlega sendu mér kennitölu og heimilisfang.

**Með kveðju,**
**Guðmundur G. Gunnarsson**
**ritari skipulagsdeildar.**
Umhverfissvið Kópavogs
Digranesvegi 1, 200 Kópavogi.
www.kopavogur.is
**gudmundurgg@kopavogur.is**
Sími: 441-0000, beinn sími 441-2402.
**Umhverfið er okkur mikilvægt ? hugsaðu þig um áður en þú prentar tölvupóstinn.**
Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist þér, vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

**From:** Áslaug Pálsdóttir <aslaug@appr.is>
**Sent:** miðvikudagur, 16. febrúar 2022 12:01
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Til Skipulags Kópavogs vegna Reits 13

Ágæti viðtakandi,
Undanfarið hafa verið kynningarfundir vegna Reits 13 sem samanstendur af lóðunum Bakkabraut 2-4,

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

87
2/3

Bryggjuvör 1, 2 og 3, Þinghólsbraut 77 og 79.
Ég hef fylgst með þessarri vinnu og hef eftirfarandi athugasemdir við ferlið og tillöguna.

Árið 2016 var kláruð deiliskipulagslýsing fyrir Kársnesið. Sú lýsing fór yfir það í grófum dráttum hvernig ætti að breyta þessum hluta Kársnessins úr iðnaðarsvæði og söfnunarsvæði fyrir brotajárn í fallegt íbúðarhverfi á einu fallegasta landi sem Kópavogsbær á. Síðan þá hefur mikið verið gert og var klárað að gera nýtt deiliskipulag á öllum reitum deiliskipulags lýsingar fyrir nokkrum árum síðan, fyrir utan að sjálfsögðu Reit 13.

Einnig hefur verið samþykkt að byggja lón í millitíðinni sem heitir í dag Sky Lagoon og er fullbyggt og búið að vera í rekstri í tæpt ár. Þar að auki er búið að fullhanna brú yfir fossvoginn fyrir strætó og hjólandi og gangandi. Einnig er búið að byggja og selja nokkur hundruð íbúðir sem flutt en inn í á þessu þróunarsvæði.

Skipulag Kópavogs fór svo í arkitekta og hugmyndasamkeppni skv. fundargerðum bæjarins í Nóvember 2017. Árið 2018 var svo samþykkti að vinna eftir einni tillögu þar sem er tillagan sem nú liggur fyrir sem kynningartillaga og er búin að vera í vinnslu í 4 ár. Að mér skilst er líka búið að vera í 18 mánuði í kynningarferli fyrir íbúa bæði í nágrenni við reitinn og almennt.

Á meðan þetta allt er að gerast er mikill skortur á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu, í Kópavogi og á Kársnesi. Vextir eru að hækka sökum þess og það fer beint út í verðlagið og kjör þeirra sem borga af húsnæði eru að versna. Það mun svo aftur hafa þau áhrif að verðbólgan mun halda áfram að hækka húsnæðisverð og þannig búa til þrýsting á aukna verðbólgu.

Það er því mikið ábyrgðarhlutverk fyrir Kópavogsbæ að leyfa því að gerast að land undir 160 íbúðir sé í 6 ár að hanga í kerfinu fram og til baka og það sérstaklega vegna þess að örfáir íbúar í hverfinu vilja hafa aukin áhrif umfram aðra á það hvers konar byggð þarna verður byggð. Hagsmunir heildarinnar eru þannig látnir víkja fyrir hagsmunum örfárra íbúa á svæðinu.

Það er núna verkefni Skipulagsráðs og bæjarstjórnar Kópavogs að snúa þessarri þróun við og láta hendur standa fram úr ermum og klára þarna að samþykkja deiliskipulag til að koma af stað þeirri byggð sem þarna getur risið. Það eru alls ekki hagsmunir flestra sem búa í Kópavogi að ræða í einhver misseri í viðbót hvernig þessar 160 íbúðir sem eiga að koma á þennan reit (skv. deiliskipulagslýsingu) verður raðað niður á lóðirnar.

Tillagan sjálf hefur verið hönnuð að flottum arkitekt og er í raun í flesta staði stórglæsileg.
Tillagan tekur mikið tillit til þeirra byggðar sem er á Þinghólsbraut með því að hafa byggðina fyrir neðan Þinghólsbraut mjög lága eða einungis 2-3 hæðir á meðan að byggðin á norðanverðum reitnum stallast upp í sömu hæð og núverandi hús að Hafnarbraut 9 og 13-15. Garðurinn sem er svo settur í miðja byggðina verður mikið skjól fyrir íbúana að vetri til og frábær aðstaða fyrir barnafólk og góða stemming sem hægt verður að byggja upp í hverfinu.

Það er mikilvægt að í hönnun á svona stað sem snýr í suður og er alveg við sjó og smábátahöfn að þá sé mikill metnaður lagður í alla uppbygginu á reitnum í stað þess að byggja þarna ódýra byggð með litlum metnaði fyrir stíl og áferð.

Byggingarstíll tilögunnar er ekki ódýr en hann er ótrúlega vel heppnaður. Það er næsta víst að þetta verður mjög eftirsóttur staður til að búa á enda mikil kyrrð og ró sem mun vera á þessum stað. Þarna verður svo vonandi smábátahöfnin tekin og gerð sem áningarstaður þeirra sem eiga leið hjá ásamt kaffihúsi eða veitingastað. Nú þegar er búið að byggja upp góða stemming við Hafnarbraut 13-15 með nýju bakarí og veitingastað sem hefur nú þegar rifið upp stemminguna í hverfinu og dregið að sér líka aðflutta sem koma í hverfið til að njóta.

Það toppar svo þessa tillögu að byggðin er látin falla vel inn í náttúruna með því að hafa græn þök, niðurgrafið sorp og bílastæði annars staðar en meðfram höfninni sem hefði þó verið augljósasta leiðin (en ekki sú

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

(87)

3/3

heppilegasta fyrir aðra Kópavogsbúa sem ferðast þarna í gegn).

Í mínum huga getur Kópavogsbær verið stolltur af þessarri tillögu enda er hún þessum stórkostlega stað til mikils sóma.

Kópavogsbær lofaði bæjarbúum að þarna yrði 160 íbúa byggð fyrir 6 árum síðan. Skipulagsráð Kópavosbæjar valdi líka þessa tillögu af þeim 4 sem voru innsendar. Nú er búið að liggja yfir þessarri tillögu í mörg ár og laga hana til miðað við hverfið.

Nú er ekki réttlætanlegt að halda áfram að láta bæjarbúa bíða lengur eftir meiri yfirlegu enda bráðvantar framboð af lóðum og nýjum íbúðum.

Ég hvet því Skipulag Kópavogsbæjar að standa í lappirnar og klára þetta mál. Annað væri ekki gert með hagsmuni Kópavogsbúa að leiðarljósi.

Þetta skrifa ég sem fyrrverandi íbúi á Kársnesi en þar var ekkert húsnæði í boði fyrir 10 árum síðan þegar ég flutti á Vatnsenda enda einu íbúðirnar sem voru í boði í bænum á þeim tíma þar. Nú er kanski von aftur að eftir 2-3 ár geti ég farið að huga að því aftur að flytja á þennan glæsilega stað á Kársnesi við reit 13.

Virðingarfyllst

Áslaug Pálsdóttir, Kópavogsbúi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

88

1/2

# Athugasemdir við vinnslutillögu á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi. kt. 300759-3949.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Guðrún Jónasdóttir <gudrun@modurast.is> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir við vinnslutillögu á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi. kt. 300759-3949. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 22:04:50 |
| **Höfundur** | : | Guðrún Jónasdóttir <gudrun@modurast.is> |

skipulag@kopavogur.is

Í framhaldi ?opins húss? í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1) Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

2) Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

3) Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

4) Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

(88)
2/2

5) Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

6) Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

7) Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Virðingarfyllst,

Guðrún Jónasdóttir
Melgerði 44

--

**Bestu kveðjur,**
Guðrún Jónasdóttir
**Móðurást**
**Laugavegi 178**
**105 Reykjavík**
s. 5641451
www.modurast.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

89

1/2

skipulag@kopavogur.is

**Athugasemdir við „vinnslutillögu“ á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi**

Í framhaldi „opins húss“ í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1. Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
2. Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
3. Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
4. Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
5. Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
6. Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
7. Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

89

2/2

aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Kópavogi 16. febrúar 2022

| | |
|---|---|
| Kristín Hauksdóttir kt.231261-2659 | Kópavogsbraut 104 |
| Björn Bergsteinn Guðmundsson kt.010451-4509 | Kópavogsbraut 104 |
| Guðmundur R. Jónsson kt.200157-4769 | Kópavogsbraut 102 |
| Dóra Axelsdóttir kt.040556-3039 | Kópavogsbraut 102 |

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

90

# Deiliskipulag Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79 - Ábending. Kt. 311273-4429.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Arni S. Petursson <arnip10@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Deiliskipulag Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79 - Ábending. Kt. 311273-4429. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 18:58:07 |
| **Höfundur** | : | Arni S. Petursson <arnip10@gmail.com> |

Til skipulagsyfirvalda vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79.

Góða daginn,

Ég horfði á kynningarfund um vinnslutillögu að deiliskipulagi. Ég vil hrósa Kópavogsbæ fyrir það að standa vel að kynningunni. Sjálfur reiturinn finnst mér virkilega smekklega hannaður. Aðalatriðið fyrir mér og það sem ég tók sérstaklega út úr kyningunni er að reiturinn liggur við Borgarlínu og mín skoðun er að þétta ætti byggð í kringum þá stofnæð samgangna til þess að fækka bílum og styðja við bíllausan lífsstíl. Mikill skortur er nú á íbúðum og afar litlir valmöguleikar til þess að flytja sig um set innan Kópavogs.

Ég vona að Kópavogsbær láti þessar tillögur ná fram að ganga. Ekki einungis mun þetta styðja við og bæta brag bærjarins heldur mun þetta auka möguleika barna minna að finna framtíðarhúsnæði í Kópavogi og stunda háskólanám handan við hornið (með tilkomu framtíðarbrúar).

Virðingarfyllst,

Árni S. Pétursson (865 2009)
Háalind 16
201 Kópavogi

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# MÓTMÆLI - Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79, kt. 061272-2409, 111180-4909.

91

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Raquel Isabel Díaz <raquel@simnet.is> |
| **Heiti** | : | MÓTMÆLI - Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79, kt. 061272-2409, 111180-4909. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 17:22:18 |
| **Höfundur** | : | Raquel Isabel Díaz <raquel@simnet.is> |

Góðan daginn.

Við erum ósátt við þessum breytingum því það er verið að troða mjög mörgum háum húsum á mjög lítinn blett (með tilheyrandi útsýnismissi fyrir húsin í kring).
Það er varla hægt að finna grænt svæði þarna (grasgrænu þökin á kynningartillögu eru mjög villandi) og minna en eitt bílastæði á íbúð.
Erum alveg hlynnt að það sé byggt eitthvað á þessu svæði en finnst þetta bara allt, allt of mikið byggingarmagn.

Þar að auki, það er engan stefnu varðandi hönnun og arkitektúr. Allir að byggja hús sem eru mjög ljótt. Það er verið að missa karakter í hverfinu okkar. Það þarf líka að passa því. Annars enda Kársnes eins og mjög vont "bland í pokka".

Raquel Isabel Díaz
Gunnar Þór Geirsson
Kópavogsbraut 94

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

92

# Mótmæli varðandi skipulag á Kársnesinu, kt. 220160-4169.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Fríða Garðarsdóttir <fridagardars@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Mótmæli varðandi skipulag á Kársnesinu, kt. 220160-4169. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 16:22:46 |
| **Höfundur** | : | Fríða Garðarsdóttir <fridagardars@gmail.com> |

Ég undirrituð,Fríða Garðarsdóttir, mótmæli fyrirhuguðu skipulagi á vestanverðu Kársnesinu. Nánar tiltekið: Bakkabraut 2-4
Bryggjuvör 1-3 og
Þinghólsbraut 77 og 79.

Hér er of mikið byggingarmagn á litlu svæði.
Grunnþjónustu vantar.
Græn útivistar/leiksvæði vantar.
Einu grænu svæðin er þök.
Landfylling áformuð við friðlýst svæði.
Hver hæð húsa verður er ekki treystandi.
Síðast en ekki síst er ekki hlustað á íbúa.

Virðingarfyllst
Fríða Garðarsdóttir
Sunnubraut 27
Og síðast

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

93 1/2

## V/ vinnslutillögu á reit 13. Kt. 050777-4139.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Stefanía Gudmundsdottir <steffigud@gmail.com> |
| **Heiti** | : | V/ vinnslutillögu á reit 13. Kt. 050777-4139. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 22:26:49 |
| **Höfundur** | : | Stefanía Gudmundsdottir <steffigud@gmail.com> |

Við undirrituð krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.
Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.
Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.
Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.
Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.
Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.
Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.
Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.
Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.
Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.
Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.
Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.
Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Kveðja

Stefanía og Pálmi Þór

Kópavogsbraut 43

(43) 2/2

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

94

# Meðmæli með fyrirhuguðu skipulagi fyrir Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Eva Diðriksdóttir <didriksdottir@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Meðmæli með fyrirhuguðu skipulagi fyrir Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 15.02.2022 22:33:49 |
| **Höfundur** | : | Eva Diðriksdóttir <didriksdottir@gmail.com> |

Gott kvöld og takk kærlega fyrir frábæra kynningu á fyrirhuguðu skipulagi fyrir Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79. Mjög gott að geta kynnt sér efnið á vefnum eftir að fundurinn hefur verið haldinn.

Ég var sérstaklega hrifin af skipulaginu út frá grænum samgöngum með fyrirhugaða Borgarlínu og brú sem mun skapa mikilvæga almenningssamgönguæð í gegnum hverfið. Eins og Smári samgöngusérfræðingur sagði þá þarf að fjölga íbúðum ásamt því að fjölga fólki sem nýtir sér vistvænar samgöngur. En til að fólk nýti sér vistvænar samgöngur þarf að vera greiður aðgangur að þeim, það liggur þig í augum úti að þétta á byggð þar sem aðgangur að grænum samgöngum er góður.

Einnig er ég hrifin af því hvernig fyrirhuguð uppbygging fellur vel inn í umhverfið ásamt því hversu fjölbreytt og opin byggðin verður með skemmtilegum litlum grænum svæðum sem brjóta upp byggðina. Það er löngu tímabært að svæðið sé tekið í gegn enda er núverandi ástand lýti á þessari fallegu útivistar strandlengju sem að Kópavogur býr að á Kársnesinu.

Ég styð skipulagið heilshugar.

Fyrrum og vonandi framtíðar íbúi í Kópavogi,
Eva Diðriksdóttir

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# Bakkabraut og Bryggjuvör

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Thora Hlin Fridriksdottir <thorahf@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Bakkabraut og Bryggjuvör |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 15.02.2022 18:36:00 |
| **Höfundur** | : | Thora Hlin Fridriksdottir <thorahf@gmail.com> |

Góðan dag

Ég bý á Kársnesinu og hef búið hér sl 13 ár.
Ég tek oft labbitúra frá íbúðinni minni á Borgarholtsbraut 69 og niður með sjónum en finnst ég ekki vera örugg þegar ég geng framhjá húsnæðunum í kringum bàtahöfnina. Ég hef séð skuggalega bíla hittast þarna á bakvið Hjálparsveitina
Því finnst mér frábært framtak hjá bænum að hreinsa loksins til húsnæðin fyrir framan bátahöfnina ásamt fiskvinnslu, geymsluhúsnæði, bifreiðaverkstæði og gera þar snyrtilega íbúðarbyggð. Ég vona að þetta skuggalega lið hverfi við nýtt skipulag. Hver ykkur til þess að klára þetta sem fyrst.

Með bestu kveðju
Þóra Hlín

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

96

1/2

Kópavogi, 10. febrúar 2022
**2009744**/510.03 GGG

**Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3 og Þinghólsbraut 77 og 79, vinnslutillaga að breyttu deiliskipulagi.**

**Kynningarfundur skipulagsdeildar Kópavogsbæjar – Opið hús safnaðarheimili Kópavogskirkju 10. febrúar 2022 kl. 16 til 17 og 17:15 til 18:15.**

**Starfsmenn: Auður, Bergljót, Smári, Guðmundur.**
**Skipulagsráð: Helga Hauksdóttir, Einar Örn Þorvarðarson.**
**VSÓ: Smári Ólafsson**

**100 manns höfðu lýst áhuga á að taka þátt í Opnu húsi um vinnslutillöguna.**

**Mæting gesta, alls mættu 44 á kynninguna:**
**Á fyrri fundinn 25 manns.**
**Á seinni fundinn 19 manns.**
**Hluti gesta fyrri fundarins, var alveg til loka seinni fundarins.**

**Nokkur atriði vegna ábendinga, en auk þess voru samræður við upplýsingaborðið og uppdrætti á vegg:**

**Hvað var gert ráð fyrir mörgum íbúðum 2016?**
**Hve mikil er þéttingin? 550 íbúðir!**
**Af hverju er farið yfir viðmið?**
**Eru íbúar hagsmunaaðilar?**
**Hvar eru leikskvæði?**

**Gengur ekki að setja fram tillögur með þessum hætti?**
**Opið svæði, vindrass.**
**Íbúar fengu ekki að taka þátt í hugmyndavinnu um Reit 13.**
**Allt of langt komið til að breyta neinu.**
**Við erum tortryggin.**
**Erum búin að leita til æðstu yfirvalda og ætlum að fylgjast með hverju skrefi skipulagsvinnunnar.**
**Skapar umferðarvanda.**
**Í hreinni andstöðu við íbúa.**
**hver er munur á vinnslutillögu og deiliskipulagstillögu?**
**gæti verið hætt við vinnslutillögu?**
**Fjaran er vernduð.**
**Ég vil hjólaumferð með Borgarlínunni en ekki með ströndinni.**
**Ég kom ekki á svona tegund fundar, mér lýst vel á þessar hugmyndir sem verið er að kynna og er farinn.**
**Verður brekka á Fossvogsbrúnni vegna bátaumferðar undir brúnna?**

**Hjólahraði.**
**Af hverju er ekki tekið tillit til okkar sjónarmiða?**
**Tillaga verktakanna.**
**Svæðinu lokað með steinvegg.**
**Ekki háa byggð, þarf að opna meira.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

96
2/2

Meira rými.
Fjaran er mikil verðmæti.
Hjólastígur ekki fyrir íbúana, frekar fyrir þá sem þeysast um til og frá vinnu og í sporti.
Vonbrigði að ekki var framsaga í byrjun fundar kl. 17:15, ég er farin.
Ekki gert ráð fyrir lifandi fólki / „klappað."

Útivistarsvæði.
Vantar leikskóla á Kársnes.
Þarf betri aðstöðu fyrir börn á Kársnesi, of langt að sækja þjónustu fyrir börnin, þarf að aka 6 – 7 km.
Skipulag þarf að sinna þörfum íbúa.
Það er ekkert fyrir börnin.
Viljum betra og nýtt skipulag.

Græna svæðið er stofnbraut.
Vantar dvalarsvæði fyrir íbúa, ekki bara lóðirnar.
Hver er fjölgun íbúða frá því uppbyggingin hófst?
Útsýni út á sjó, hvað með það?
Taka saman nýtingu svæða 5, 8, 9, 11, 12 og 13.
Setja kóta á húsin vestast í Þinghólsbraut.

Guðmundur G. Gunnarsson
ritari skipulagsdeildar

Ath.

Taka saman nýtingu svæða 5, 8, 9, 11, 12 og 13. Smári.
Setja kóta á húsin vestast í Þinghólsbraut. Smári.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

97

1/2

## Athugasemdir vegna vinnslutillögu

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Guðrún Sigríður Jónsdóttir <gsjons@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir vegna vinnslutillögu |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 07.02.2022 17:56:31 |
| **Höfundur** | : | Guðrún Sigríður Jónsdóttir <gsjons@gmail.com> |

Góðan dag

Á netfundi í lok nóvember var kynningarfundur vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi sem varðar Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þingholsbraut 77 og 79.

Ég sem íbúi á Hafnarbraut 9a hef mikinn áhuga á þessu máli þar sem nýja byggðin mun hafa veruleg áhrif á mína íbúð, bæði á aðgengi og útsýni. Aðgengi í bílageymslu er sunnan megin hússins og hef ég ekið Bakkabraut og Bryggjuvör til að komast inn í bílageymsluna. Gluggar í íbúðinni minni snúa í austur og suður og það eru stofa, eldhús og svalir sem snúa í suður svo það er augljós að þessi byggð mun hafa mikil áhrif á upplifun útsýnis frá íbúðinni minni á þessum fallega stað.

Ég vil samt byrja á að segja að teikningar sem voru sýndar á fundinum finnast mér að mörgu leyti fallegar og byggðin gæti orðið til prýði, en umfangið finnst mér of stórt, mikið og hátt.

- **Smári Ólafsson sagði á kynningarfundinum að það yrði einstefna í vesturátt á Borgarholtsbrautinni og á milli Þingholsbrautar og Bakkabrautar væri eingöngu gert ráð fyrir borgarlínu.**

Það sér það hver maður að það gengur ekki upp að eingöngu verði gert ráð fyrir borgarlínu milli Þingholsbrautar og Bakkabrautar. Það er ekki hægt að loka fyrir bílageymsluna okkar og það gengur heldur alls ekki að búa til skyndilausn til að við getum keyrt þar inn og út með undanþágum. Ég tel að gatan sé hönnuð allt of þröng og þarna ætti að gera ráð fyrir almennri bílaumferð strax frá byrjun. Og gera ráð fyrir okkur á Hafnarbraut 9 og 11.

Annað tengt umferð. Ef þessi kafli er áætlaður eingöngu fyrir borgarlínu er þá reiknað með að Hafnarbrautin verði botnlangi? Ég hefði áhyggjur af því vegna þess að þegar nýja fjölbýlið austan megin á Hafnarbrautinni verður tilbúið mun mikill fjöldi íbúa búa á Hafnarbrautinni frá Nesvör að Bryggjuvör og umferð gæti því orðið erfið sérstaklega með tilliti til þess að gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á fyrstu hæðunum og matsölustaður er á horninu á Hafnarbraut og Nesvör. Þetta gæti líka orðið erfitt varðandi öryggi og er ég þá að hugsa um aðgengi sjúkrabíla eða slökkviliðs.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

97 2/2

Í sambandi við nýju byggðina er líka áhyggjuefni að reiknað er með minna en einu bílastæði á íbúð. Hvar munu íbúar og gestir þeirra leggja bílum sínum nema í bílastæðin hjá öðrum íbúum í kring. Hvernig væri að hafa nægilega mörg rafbílastæði bæði fyrir íbúa og gesti. Það samræmist bættri umhverfisstefnu.

- **Björn Skaptason sagði á kynningarfundinum að tveggja og þriggja hæða byggð yrði sunnanmegin og mikið tillit hefði verið tekið til byggðar austanmegin og tók hann sérstaklega fram að þess vegna yrði byggðin mikið þykkari, sverari og hærri norðanmegin.**

Þá spyr ég: hvar er tillitsemin við okkur? Á sem sagt að raða þykkum, háum og sverum byggingum fyrir framan gluggana hjá okkur af tillitsemi við þá sem eru austan og sunnan megin? Þessu vil ég harðlega mótmæla. Ég skil ekki svona rök.

Auðvitað vissi ég þegar ég keypti íbúð á Hafnarbraut 9a að það yrði byggt á þessu svæði. En þá var talað um að það kæmu í mesta lagi tveggja hæða byggð við Þingholsbrautina og eitthvað hærra í miðju byggðarinnar (ekki bara norðan megin) og síðan myndi byggðin lækka aftur niður að smábátahöfninni. Þetta var planið þegar ég keypti íbúðina.

Með kveðju,

Guðrún Sigríður Jónsdóttir

Kt. 210856-7499

Hafnarbraut 9a

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

98 1/2

## FW: Nokkur atriði frá íbúum á Hafnarbraut 9

| | | |
|---|---|---|
| Til | : | Skipulag; |
| Frá | : | Auður D. Kristinsdóttir |
| CC | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir;Ásthildur Helgadóttir - sviðsstjóri umhverfissviðs; |
| Heiti | : | FW: Nokkur atriði frá íbúum á Hafnarbraut 9 |
| Málsnúmer | : | 2009744 |
| Málsaðili | : | Vinabyggð ehf. |
| Skráð dags | : | 05.01.2022 15:51:15 |
| Höfundur | : | Auður D. Kristinsdóttir |

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Með kveðju
**Auður D. Kristinsdóttir**
Skipulagsfulltrúi
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 0000 | audurdk@kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

**From:** Guðný Káradóttir
**Sent:** miðvikudagur, 5. janúar 2022 15:42
**To:** Auður D. Kristinsdóttir
**Subject:** Nokkur atriði frá íbúum á Hafnarbraut 9

Komdu sæl,

Fyrir fundinn okkar á morgun:

Helstu atriðin sem nefnd hafa verið og íbúar á H-9 hafa gagnrýnt er hæð húsanna, byggingarmagn á svæðinu, aðkeyrsla að bílageymslunni okkar og skortur á grænum svæðum og skilgreiningu á þjónustu á svæðinu.

Atriði sem ég sendi meðan á fundinum 30. nóv. stóð:

- Væri gott að sjá áhættugreiningu út frá áhrifum loftslagsbreytinga á hækkun sjávar m.t.t. þessarar vinnslutillögu.
- Einnig hæðarkóta fyrir Hafnarbraut 9.
- Svarið sem barst um að Hafnarbraut 9 liggi ekki að þessu svæði er marklaust. Það liggur gata á milli, alveg eins og er með hús við Þingholsbraut en þeir íbúar fengu kynningu. Við óskum eftir að Kópavogsbær kynni þetta betur fyrir íbúum á Hafnarbraut 9 með vísan til þess að svæðið liggur svo sannarlega að Hafnarbraut 9. Ég er formaður húsfélagsins á Hafnarbraut 9.
- Ég hvet Kópavogsbæ til að fara betur yfir heildarskipulag m.t.t. þjónustu og grænna svæða á Kársnesi. Vantar alveg leikvöll sem íbúar á Hafnarbraut geta labbað á með börn og barnabörn, áhættuminni svæði en höfnin sjálf.
- Hugmynd: af hverju gerið þið ekki ráð fyrir fleiri bílastæðum í byrjum sem hægt er að breyta í útivistarsvæði þegar bílaumferð minnkar sannarlega.
- Hvað með græn almenningssvæði á þessu svæði: Hverjar eru kröfur og stefna Kópavogs um græn svæði á Kársnesi og hvernig snertir það þetta deiliskipulag? Eru útivistarsvæðin sem sýnd eru eingöngu fyrir íbúa?

Frá öðrum íbúum:

(98) 2/2

- Fram kom á kynningarfundi 30. nóv. að á milli Þinghólsbrautar og Bakkabrautar yrði **eingöngu gert ráð fyrir borgarlínu**. Á þessum kafla þurfum við að aka til að komast út og inn úr bílakjallaranum okkar.
- Einnig kom fram að tveggja og þriggja hæða byggð yrði sunnanmegin og mikið tillit hefði verið tekið til byggðar austanmegin og tekið var sérstaklega fram að **þess vegna yrði byggðin mikið þykkari, sverari og hærri norðanmegin sem væri við byggðina við Hafnarbrautina.** Við erum auðvitað mjög ósátt með þessi orð Björns og reikna með að þau okkar sem eru með glugga í suður séu ekki mjög ánægð að fá fimm hæða (þykka, svera og háa) byggingu fyrir framan gluggana. Af hverju á eingöngu að taka tillit til íbúa austan og sunnan megin?
- Fram kom skoðun íbúa að það verði ekki fallegt að hafa fimm hæða byggingu á horninu á Bakkabrautinni. Held það hljóti að verða allt og þung og þrúgandi útlit.

Kveðja / Regards,

**Guðný Káradóttir**
gudnykara@gmail.com
sími/tel +354 693 3233
LinkedIn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

99

1/3

## RE: fyrirhugaðar breytingar á höfn við kársneshöfn.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | 'aki.barkarson@advania.is' <aki.barkarson@advania.is> |
| **Frá** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |
| **Heiti** | : | RE: fyrirhugaðar breytingar á höfn við kársneshöfn. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 19.11.2021 09:51:26 |
| **Höfundur** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |

**Viðhengi** image001.png
image007.gif
image006.png
image005.png
image004.jpg

Sæll Áki Hermann

Takk fyrir fyrirspurn þína. Geturu útskýrt betur, við hvaða ramp áttu við. Ekki er neinn rampur innan skipulagssvæðis sem er í kynningu og heldur ekki áætlaður (Bakkabraut-2-4, Bryggjuvor-1-3, Þingholsbraut-77-og-79)

Ég get nefnt að aðeins er verið að breyta því sem er fyrir innan rauðu punktalínuna.




Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

99

2/3

Kveðja

**Hildur Inga Rós**
Arkitekt
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 2614 | hildur.ros@kopavogur.is

Kópavogsbær

kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

**From:** Áki Hermann Barkarson <aki.barkarson@advania.is>
**Sent:** föstudagur, 19. nóvember 2021 08:06
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** fyrirhugaðar breytingar á höfn við kársneshöfn.

Var að skoða nýjar tillögur og þessi rampur sem nýtist til að sjósetja báta virðist ekki tilstaðar á nýjum teikningum? Verður ekkert aðgengi til að sjósetja þarna í nýju skipulagi? Færist það eitthvað annað á Kársnesið?

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

(99) 3/3




**Áki Hermann Barkarson**
Hópstjóri / Team Lead - NetConsult & NetDC
Netþjónusta / Rekstrarlausnir
CCIE # 27552

Skilmálar/Disclaimer

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

100

# RE: Aths við deiliskipulag Bakkabraut, Bryggjubraut, Þinghólsbraut

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag;jijohannsson@gmail.com <jijohannsson@gmail.com> |
| **Frá** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |
| **Heiti** | : | RE: Aths við deiliskipulag Bakkabraut, Bryggjubraut, Þinghólsbraut |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.11.2021 12:25:43 |
| **Höfundur** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |

**Viðhengi** image001.jpg

Sæll Jóhann

Takk fyrir fyrirspurn þína varðandi vinnslutillögu að deiliskipulag við Bakkabraut, Bryggjuvör og Þinghólsbraut, reitur 13.
Höfnin og viðlega báta er þó fyrir utan skipulagsvæði á þessum reit (rauð punktalína afmarkar það svæði á uppdrætti) og því ekki gert ráð fyrir neinum breytingum þar að þessu sinni.

Þegar verður farið í að deiliskipuleggja höfnina og umhverfi, vonandi í nánustu framtíð, þá mun allt vera skoðað vel í tillit til ölduálags o.þ.h.

Kveðja

**Hildur Inga Rós**
Arkitekt
Umhverfissvið | skipulagsdeild
441 2614 | hildur.ros@kopavogur.is

Kópavogsbær
kopavogur.is

Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur | Sími 441 0000

Fyrirvari/disclaimer

**From:** Jói I <jijohannsson@gmail.com>
**Sent:** þriðjudagur, 16. nóvember 2021 17:16
**To:** Skipulag <Skipulag@kopavogur.is>
**Subject:** Aths við deiliskipulag Bakkabraut, Bryggjubraut, Þinghólsbraut

Góðan dag.

Er búið að skoða útfærslu viðlegu báta í skipulaginu, m.t.t. ölduálags? Þá sérstakleg syðst í hverfinu þar sem viðlegur eru opnar fyrir sunnanátt.

Kveðja
Jóhann

Get Outlook for Android

Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

101 1/6

# FW: Borgarlina: Comment on Bakkabraut local plan

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir |
| **Frá** | : | Ólöf Kristjánsdóttir - VG <olof.kristjansdottir@borgarlinan.is> |
| **CC** | : | Andrew Henry Caldwell; JACQUESSON Elsa; Anders Plovgaard - VG; Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson - VG; Ole H.W. Jensen - VG; Ásdís Kristinsdóttir - VG; Birkir Rútsson; |
| **Heiti** | : | FW: Borgarlina: Comment on Bakkabraut local plan |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 22.02.2022 15:26:05 |
| **Höfundur** | : | Ólöf Kristjánsdóttir - VG <olof.kristjansdottir@borgarlinan.is> |

**Viðhengi** image006.png
image008.png
image005.png
image004.png
image003.png
image002.png
image001.jpg

Sæl Hildur

Sjá hér fyrir neðan spurningar og ábendingar varðandi deiliskipulagið sem nú er í kynningu fyrir Bakkabraut-Bryggjuvör-Þinghólsbraut. Þú metur hvort þú tekur þetta inn sem formlega athugasemd í kynningarferlinu eða bara sem hluta af samvinnunni okkar varðandi hönnun og skipulag Borgarlínunnar.

Kveðja / Best regards,

Ólöf Kristjánsdóttir

Transportation engineer M.Sc. / Samgönguverkfræðingur M.Sc.

Planning Manager / Verkefnisstjóri samgönguskipulags, Lota 1

Borgarlínan Project Management Office

Phone: +354 842 3320

**From:** Andrew Henry Caldwell
**Sent:** miðvikudagur, 16. febrúar 2022 16:03
**To:** Ólöf Kristjánsdóttir - VG
**Cc:** JACQUESSON Elsa ; Hallbjörn Reynir Hallbjörnsson - VG ; Anders Plovgaard - VG ; Anders Vestergaard Jensen ; Sarah Frigaard Kristoffersen ; Ingólfur ; Gunnar Ágústsson ; Yngvi Karl Sigurjónsson ; Wille-Garvin, Sara ; kral@gottliebpaludan.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

109

2/6

**Subject:** RE: Borgarlina: Comment on Bakkabraut local plan

Hi Ólöf ,

Thank you for the information about the Bakkabraut Local Plan.

We have reviewed the information and have some preliminary questions about it. Please see below.

1. In the local plan, it is suggested to have the street at 4,6 at the curve in the road (approximately chainage 540 in the sketch below). The existing street level is ranging from 2,8-4,4. Is the Bakkabraut project planning to raise the existing road level at this location? If this is the case, will other surrounding elements be reconstructed to match the new levels, such as the rock bank at the water's edge? It appears from the plan view that this rock bank will be constructed in a slightly different position.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

101 3/6




**snið A**
1 : 500




2. Is the connection to the existing pier near chainage 540 to be maintained for vehicle access?
3. Is the connection to the existing ocean access point (boat ramp) near chainage 530 to be maintained for vehicle access? Is the boat ramp to be maintained at all?
4. The IRCA guidelines for land and building height along coastlines in Iceland it is stated that the minimum land level should be at 4,63 m (expected flooding in the year 2100). First floors of buildings should be about at least 0,3 m higher. The proposed level in the local plan is 4.60, as shown in Snið A. This appears to meet the guidelines, but without much safety clearance. Have these guidelines been taken into consideration?

| Álftanes | |
|---|---|
| Bæjarkerfi (m) | Sjó-/hafnar-kerfi (m) |
| +2,32 | |
| 0,60 | |
| 0,50 | |
| 0,40 | |
| +3,82 | +5,64 |
| 0,66 | |
| 0,15 | |
| +4,63 | +6,45 |

5. Borgarlinan's preliminary investigations have led to a suggestion to raise the road level at this location to a

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

level of approximately 5.0. Does Kopavogur Municipality have any comments on this suggestion? We ask this question with reference to the earlier comments.



6. Snið A shows a series of terraces planned down the slope of Borgarholtsbraut. Due to the fact that the street is sloped and the buildings are terraced and are close to the street edge, it appears to be necessary to construct some retaining walls to deal with these level differences. Have retaining walls been considered in this location or is there another solution that we could have information about?

Kind Regards

**Andrew Henry Caldwell**
Project Manager | Roads

+45 2774 0520
+45 4457 6000
ahca@moe.dk

**MOE A/S**
Buddingevej 272
DK-2860 Søborg
CVR. NR: 64 04 56 28
www.moe.dk

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

MOE
ARTELIA GROUP

101

5/6

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

101

6/6

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

102 1/4

## Athugasemdir vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á Kársnesi

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag |
| **Frá** | : | Gunnlaugur Snær Ólafsson <gunnlaugurolafsson@gmail.com> |
| **CC** | : | Perla Steinsdóttir <perlasteins@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á Kársnesi |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 18.01.2022 08:37:31 |
| **Höfundur** | : | Gunnlaugur Snær Ólafsson <gunnlaugurolafsson@gmail.com> |

**Viðhengi** Athugasemdir vegna vinnslutillögu - GSO PS.pdf

Góðan dag

Í viðhengi fylgir umsögn okkar, Perlu Steinsdóttur og Gunnlaugs Snæs Ólafssonar, íbúa að Hafnarbraut 9 íbúð 102. Umsögnin er ætluð skipulagsdeild Kópavogsbæjar og skipulagsnefnd.

Ef óskað er eftir frekari rökstuðningi, gögnum eða jafnvel heimsókn og leiðsögn um svæðið frá sjónarhóli okkar erum við tilbúin að veita slíkt.

Með bestu kveðju
Gunnlaugur Snær Ólafsson
Perla Steinsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

102 2/4

Kópavogur 18.01.2022

Til: Skipulagsráðs Kópavogs og skipulagsdeildar Kópavogsbæjar

**Efni: Athugasemdir vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi; Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinghólsbraut 77 og 79**

**Viðaukar: 1**

Skjal sótt af '0000000' dags: 19.08 2026

Skipulagsráð Kópavogs samþykkti þann 18. október 2021 að kynna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. Svæði 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi, ÞR-1 samkvæmt aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og samþykktu Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Í vinnslutillögunni er gert ráð fyrir að núverandi atvinnuhúsnæði á lóðunum víki og íbúðarhús rísi í þess stað.

Fagnaðarefni er fyrir okkur íbúa að hverfið haldi áfram að þróast og að lagt sé upp með fágaða hönnun sem fellur vel að umhverfinu. Í þeim tillögum sem liggja til grunns á vef Kópavogsbæjar verður hins vegar ekki annað séð en að ásýnd breytist töluvert fyrir þá íbúa sem þegar eru búsettir á svæðinu.

Í tillögunni, samkvæmt skjali sem nefnist Uppdráttur, greinargerð og skýringarmyndir, er gert ráð fyrir fimm hæða byggingum á norðurhluta reitsins (sjá mynd 1). Séð frá Hafnarbraut 9 mun hár veggur rísa sem takmarkar útsýni og birtu svo um munar eins og fram kemur í sneiðmynd A í vinnslutillögunni (sjá mynd 2). Bersýnilega sést í neðstu teikningu á síðu 5 í því skjali sem lagt er til kynningar (sjá mynd 3) hvernig byggingin að Hafnarbraut 9 sést ekki frá sjó (horft frá suðri) og er hulin bak við fimm hæða húsnæði á þróunarreitnum sem eru að hluta á bæjarlandi og því mun vestar en núverandi lóðarmörk gera ráð fyrir (sjá mynd 4).

Samhliða því að útsýni til suðurs og suðvesturs skerðist til muna er ljóst að birta frá hausti til vors skerðist einnig töluvert. En í gögnum tillögunnar er ekki skoðað skuggavarp yfir 6 (sex) vetrarmánuði frá 22. september til 20. mars. Um miðjan janúar um hádegi fer sól að sjást yfir Bryggjuvör 1 frá fyrstu hæð Hafnarbrautar 9, en nú er þar tveggja hæða hús sem er töluvert lægra en þær fimm hæðir sem þar eiga að rísa samkvæmt fyrirliggjandi tillögu.

Birta og útsýni er eitt af veigamestu atriðum lífsgæða undirritaðra og teljum að verðmæti eignar okkar bundið þessum atriðum órjúfanlegum böndum. Það er því ljóst að tillagan mun að óbreyttu rýra fatseignamat og/eða söluandvirði eignar okkar og valda okkur fjárhagslegu tjóni. Framkvæmdaraðili virðist sjálfur átta sig á þessum miklu gæðum og leggur til í vinnslutillögunni að byggingar sem eiga að rísa á vestanverðum og sunnanverðum reitnum verði lægri en byggingar til norðurs. Verður að álykta að það sé í þeim tilgangi að tryggja birtu og útsýni þeirra bygginga sem stendur til að reisa.

Við teljum réttast að uppbygging á svæðinu verði í samræmi við gildandi deiliskipulag frá 1990 um að hámarkshæð bygginga á norðurhluta reitsins (sjá mynd1) verði 3 (þrjár) hæðir í stað þeirra 5 (fimm) sem lagt er til og að húsnæðið verði ekki lengra til vesturs en núverandi lóð Hjálparsv1eit skáta í Kópavogi að Bakkabraut 4 og Bryggjuvör 2 gerir ráð fyrir.

Þá telja undirritaðir einnig mikilvægt að uppbygging gerist heildstætt og að verði að ganga frá tilhögun gatnagerðar á svæðinu. Við fögnum hugmyndum um borgarlínu frá Þingholtsbraut niður á Bakkabraut en samkvæmt þeim hugmyndum sem eru kynntar samhliða vinnslutillögunni (Minnisblað um samgöngur frá VSÓ ráðgjöf) er ójóst hvernig akstri úr bílakjallara tveggja húsa að Hafnarbraut verði háttað, en ekið er nú út úr kjallara til suðurs og beygt inn á Bakkabraut..

Við áskilum okkur rétt til að leita réttar okkar fari svo að vinnslutillaga þessi verði að samþykktu skipulagi og rétt til að leggja fram frekari gögn á síðari stigum máls.

Viðingafyllst

Gunnlaugur Snær Ólafsson (kt: 110284-2339) og Perla Steinsdóttir (kt:050889-3439)

Íbúar að Hafnarbraut 9



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

(102)
4/4

## Viðauki 1



Mynd 1 - Íbúðarhúsnæði á norðurhluta reitsins.




Mynd 4 – Byggingar eru mun vestar en núverandi lóðarmörk gera ráð fyrir.




snið A
1 : 500

Mynd 2 - Sneiðmynd A úr fyrirliggjandi gögnum vinnslutillögunnar - séð frá norðri (Hafnarbraut 9).



Mynd 3 – Séð frá Suðri sést ekki lengur Hafnarbraut 9 og því ljóst að útsýni er skert.



Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

103

## Reitur 13 Kóp

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag |
| **Frá** | : | Gunnar Gylfason <gunnar@ath.is> |
| **CC** | : | Anna Gylfadóttir <mogensen.snaer@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Reitur 13 Kóp |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 18.02.2022 13:01:14 |
| **Höfundur** | : | Gunnar Gylfason <gunnar@ath.is> |

**Viðhengi** ATH2.pdf

Til þeirra er málið varðar

Við íbúar á Þinghólsbraut 55 og 61, höfnum alfarið að það verði byggðar 160 íbúiðr á þessu svæði nr 13.

Við höfnum því að Kópavogsbær ætli jafnframt í þessari tillögu að afhenda lóðir sem tilheyra Kópavogsbæ till verktaka og eru það taktlaus vinnubröghð í alla staði ! það á að nota fyrir íbúa og þjónustu við svæðið !

Við óskum eftir nýju skipulagi í samvinnu við íbua.

Óskum eftir því að vinna þetta verkefni í sátt og samvinnu við íbúa sem hafa byggt upp Kársnesið og nýbúa á svæðinu.

Þessi tillaga sem lögð er fram er hugsuð bara fyrir verktakann !

Þakkir Gunnar / Anna Gyða


Gunnar Kristinn Gylfason
Framkvæmdarstjóri / Manager

Markaðslausnir/Athyglisvert/Exer
Þinghólsbraut 55
200 Kópavogur
Iceland
-------------------------
gunnar@ath.is
tel:+354 693 3873


Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

104

## Athugasemd við tillögu vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði 13, dags. 16. feb. 2022.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Þóra Marteinsdóttir <thora.marteinsdottir@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemd við tillögu vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði 13, dags. 16. feb. 2022. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 16.02.2022 14:55:32 |
| **Höfundur** | : | Þóra Marteinsdóttir <thora.marteinsdottir@gmail.com> |

Góðan daginn

Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.

Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).

Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.

Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.

kkv
Þóra
--
Þóra Marteinsdóttir
Borgarholtsbraut 20
200 Kópavogur
Ísland

Tel. 354-867-9193

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

105

## Kársnes

| | | |
|---|---|---|
| Til | : | Skipulag |
| Frá | : | Hlynur Bjarnason <hlynur@fastlind.is> |
| Heiti | : | Kársnes |
| Málsnúmer | : | 2009744 |
| Málsaðili | : | Vinabyggð ehf. |
| Skráð dags | : | 16.02.2022 15:12:35 |
| Höfundur | : | Hlynur Bjarnason <hlynur@fastlind.is> |

Góðan daginn,

Hlynur heiti ég og er íbúi á Kársnesinu. Ég hef lengi verið áhugasamur um skipulagsmál og kynnt mér uppbyggingu og þróun Kársness enda hef ég undanfarin ár haldið fjölmörg opin hús og selt íbúðir í nýbyggingum við Hafnarbraut.

Þar hef ég ásamt fleirum tekið á móti nokkuð hundruð manns sem hafa sýnt hverfinu mikinn áhuga og viljað kaupa íbúðir hér. Í sýningaríbúðum höfum við hafa yfirlitsmyndir af Kársnesinu þar sem reitur 13 var sýndur í takt við þá deiliskipulagstillögu sem nú er í vinnslu. Það má segja að bæði hefur fjöldi fólks keypt íbúðir trúandi því að þessi reitur verði tekinn í gegn og byggður upp á þeim forsendum ásamt því að margir hafa hinkrað við að kaupa til þess að eiga séns að kaupa íbúðir á reit 13 við höfnina.

Ég hef skoðað þessa tillögu fyrir reitinn nokkuð vel og finnst mér þessi uppbygging hin glæsilegasta. Stöllunin og hæð bygginga er vel hugsuð til að tengja saman nýbyggingar norðanmegin og eldri íbúðarhús við Þinghólsbrautina. Þekkjandi fasteignamarkaðinn nokkuð vel þá á ég von á að þessi byggð eins og henni er lýst geti haft mjög góð áhrif á Kársnesið. Bæði mun hún hafa jákvæð áhrif á fasteignaverð á Kársnesinu og í kringum reitinn sem og munu margir einbýlishúsaeigendur á Kársnesi vilja flytja þangað sem gefur yngri fjölskyldum tækifæri til að stækka við sig innan sama hverfis.

Mér finnst margt skynsamlegt við tillöguna. Göngu og hjólastígurinn mun tengjast betur við Bakkabrautina og breyting á höfninni býður upp á mörg tækifæri og aukið mannlíf. Töluvert er um græn svæði innan reitsins þar sem fjölskyldur geta nýtt sér í skjóli hærri bygginga norðanmegin. Ásýndin er einnig falleg með græn þök og staðsetningar húsa gott. Þarna verða fallegar útsýnisíbúðir í bland við smærri ódýrari íbúðir sem er vel.

Vonandi ná þessar tillögur fram að ganga og uppbygging hefjist sem fyrst til að losna við þennan lyktandi og mengandi iðnað sem er þar nú ásamt því að töluverður íbúðaskortur er á höfuðborgarsvæðinu og þörfin er mikil til að koma aftur á jafnvægi á markaðnum.

Kveðjur góðar,
Hlynur Bjarnason
Íbúi á Kársnesinu

Get Outlook for iOS

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

106

## Athugasemdir við „vinnslutillögu“ á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag |
| **Frá** | : | Jóhannes Hlynur Hauksson <johanneshlynur@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemdir við „vinnslutillögu“ á reit 13 á þróunarsvæðinu á Kársnesi |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 11:43:26 |
| **Höfundur** | : | Jóhannes Hlynur Hauksson <johanneshlynur@gmail.com> |

Í framhaldi „opins húss“ í safnaðarheimilinu 10. febrúar sl. vilja undirritaðir íbúar á vestanverðu Kársnesi koma eftirfarandi á framfæri:

Við krefjumst þess að skipulagsyfirvöld kynni áformaða landnotkun á uppbyggingarsvæðum vestast og nyrst á Kársnesinu, áður en fjallað er um deiliskipulag einstakra reita sem þar eru eftir. Kynna þarf hvernig tryggja á samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í nýju aðalskipulagi þannig að umhverfi og staðarkostir nýtist mannvænu umhverfi. Það er óforsvaranleg ábyrgðarleysi að ráðstafa reit 13 í þétta íbúðabyggð út í alla jaðra. Ekki er búið að sýna fram á hvernig þarfir Borgarlínu verða leystar. Hvernig á að nýta legu hennar til að svæðið við Kópavogshöfn geti orðið eftirsóttur áfangastaður? Tengingu gönguleiðarinnar meðfram strandlengjunni við hafnarsvæðið verður að hugsa í samhengi útivistar og lýðheilsu. Við ráðstöfun landsins þarf að bera saman hvort nokkrir aðrir kostir á svæðinu jafnist á við það sem getur boðist til almannaþarfa á reit 13.

Allt það sem er forsenda bíllaus lífsstíls og mannlífs skortir í hverfinu, hverfisverslun, leikskóli og leiksvæði, skóli, dægradvöl fyrir unga sem aldna, veitingahús, kaffihús, útivist og frístund. Samgöngumál eru nú þegar í uppnámi, ekki síst fyrir hjólandi og gangandi umferð sem á samkvæmt tillögum að aukast. Nú þegar er skortur á bílastæðum.

Almenningi er lögum samkvæmt tryggður réttur til samráðs og gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð skipulagsáætlana. Kópavogsbær verður að sýna íbúum sínum fram á hvernig hann hyggst leysa grunnþarfir almennings á Kársnesi í nútíð og framtíð. Síðan getur hann kallað eftir samráði um útfærslu á einstökum reitum, sem falla inn í aðalskipulag.

Nefna ber nokkur atriði í vinnslutillögunni sem íbúar hafa lýst andstöðu við. Þau eru ekki valin af handahófi en því fer þó fjarri að talningin sé tæmandi.

1) Vinnslutillagan felur í sér alltof þétta og háa byggð og nýtir ekki landgæði.

2) Útsýnisskerðing og skuggamyndun er langt umfram þau mörk sem eru boðleg íbúum.

3) Nýtingarhlutfall er úr öllu samhengi við aðliggjandi íbúðabyggð meðfram allri Þinghólsbrautinni og strandlengjunni frá Kópavogstúni.

4) Þröngar íbúagötur, t.d. Þinghólsbraut og Sunnubraut, anna illa núverandi bílaumferð og geta síst tekið við meiri umferð án aukinnar slysahættu.

5) Lögbundnir göngustígar meðfram strandlengjunni eiga enga samleið með reiðhjóla samgöngum milli nágrannasveitarfélaga Kópavogs.

6) Útsýni til sjávar hverfa úr öllum áttum og aðgengi að sjó skerðist þannig að ekki verður við unað.

7) Frekari landfyllingum með óafturkræfum afleiðingum.

Við skorum á Kópavogsbæ að fara ekki út í sjó með frekari landfyllingu sem spillir náttúru og hefur mögulega óafturkræf áhrif á búsvæði fugla og gróðurs. Fjaran er full af lífi sem gefur útivistarsvæðinu við sjóinn mikið gildi. Eitt af því sem gerir Kársnesið aðlaðandi til búsetu er aðgengi að fjöru og náttúru með tilheyrandi fjölbreyttu dýralífi. Kópavogur hefur alþjóðlega mikilvægt náttúruverndargildi og það er komið nóg af eyðileggingu fjörunnar. Það ætti að aðlaga byggð að núverandi landi í stað þess að eyðileggja fjöru sem hefur áhrif á möguleika komandi kynslóða til að njóta ríkis móður náttúru.

Það er umfram lögbundna skyldu að kynna vinnslutillögu að deiliskipulagi. Við skiljum kynninguna sem ósk bæjaryfirvalda um að fá afstöðu íbúa áður en þau taka ákvörðun um hvernig þau fara með deiliskipulagstillögu sem bærinn heimilaði fjárfestum að gera á eigin kostnað. Við teljum vinnslutillöguna hvorki þjóna hagsmunum íbúa né Kópavogs sem mannvæns samfélags. Kópavogsbær hefur á valdi sínu að nýta staðarkosti á þessum reit til að sinna þörfum íbúa fyrir mannlíf, útivist og athafnasemi við sjávarsíðuna. Við skorum á bæjaryfirvöld að byrja upp á nýtt og vinna deiliskipulag frá upphafi í samvinnu þannig að það markist af þörfum íbúa á Kársnesi.

Bestu kveðjur/Best regards, Jóhannes

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

107

# Athugasemd við tillögu vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði 13

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag |
| **Frá** | : | Birna Rún Kolbeinsdóttir <birnakolbeins@gmail.com> |
| **Heiti** | : | Athugasemd við tillögu vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði 13 |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 17.02.2022 13:43:28 |
| **Höfundur** | : | Birna Rún Kolbeinsdóttir <birnakolbeins@gmail.com> |

Góðan daginn

Ég geri hér athugasemd við vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1,2,3, Þinghólsbraut 77 og 79 - einnig kallað svæði 13.

Ég er hlynnt að það sé byggt á þessu svæði en mér finnst núverandi byggingarmagn allt of mikið með tilheyrandi útsýnismissi fyrir núverandi íbúaeigendur á svæðinu. Einnig sárvantar fleiri græn svæði sem og bílastæði fyrir komandi íbúðir. 0,75-1 bílastæði (hámark) á íbúð er of lítið (ég sé að á minnisblaðinu er gert ráð fyrir fleiri bílastæðum en minnisblaðið er ekki tillagan sem er verið að leggja fram).

Í nýafstöðnum kosningum á Okkar Kópavogur voru margir íbúðareigendur sem óskuðu eftir fleiri bílastæðum við Hafnarbraut. Þar hefur komið skýrt í ljós að svona lítill bílastæðafjöldi virkar ekki enda langt í næstu matvöruverslun, leikskóla og grunnskóla.

Miðað við þessa tillögu er ekki gert ráð fyrir verslunar og þjónusturýmum sem þýðir að fólk mun þurfa að labba út í Bónus á Nýbýlavegi ef það vill komast í stóra matvöruverslun. Þ.a.l. verða allir þessir eigendur á bíl enda virkar bíllaus lífstíll bara ef hlutir eru í göngufæri og á verstu vetrarmánuðunum þá virkar hann ekki alltaf þá heldur.

Ég óska því eftir að bærinn endurskoði þessa tillögu, hanni svæðið upp á nýtt með minna magni íbúða, mun fleiri grænum svæðum og fleiri bílastæðum. Einnig óska ég eftir því að bærinn fresti afgreiðslu þessarar tillögu fram yfir kosningar.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

708

1/2

## Vinnslutillaga að breyttu deiliskipulagi við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinhólsbraut 77-79, umsögn 8. feb.2022.

| | | |
|---|---|---|
| **Til** | : | Skipulag; |
| **Frá** | : | Helga Rún Guðmundsdóttir <Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is> |
| **Heiti** | : | Vinnslutillaga að breyttu deiliskipulagi við Bakkabraut 2-4, Bryggjuvör 1-3, Þinhólsbraut 77-79, umsögn 8. feb.2022. |
| **Málsnúmer** | : | 2009744 |
| **Málsaðili** | : | Vinabyggð ehf. |
| **Skráð dags** | : | 08.02.2022 09:21:56 |
| **Höfundur** | : | Veitur ohf. |

**Viðhengi** Bakkabraut, Bryggjuvör, Þinghólsbraut.pdf

Meðfylgjandi er umsögn Veitna vega vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi.

Kær kveðja,

**Helga Rún Guðmundsdóttir**
Sérfræðingur í umhverfis- og skipulagsmálum
Framtíðarsýn og rekstur / Veitur
Sími: 516 6000 | Farsími: 6176691 | Netfang: Helga.Run.Gudmundsdottir@veitur.is
Veitur | www.veitur.is

Fyrirvari / Disclaimer: http://www.veitur.is/fyrirvaridisclaimer

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

108

2/2

Skipulags- og byggingardeild Kópavogs
b.t. skipulagsstjóra
Digranesi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 08.02.22

**Efni: Umsögn Veitna vegna vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1-3 og Þinghólsbrautar 77-79.**

Veitur hafa rýnt vinnslutillögu að breyttu deiliskipulagi Bakkabrautar 2-4, Bryggjuvarar 1, 2, 3, Þinghólsbrautar 77 og 79. Í tillögunni er gert er ráð fyrir að atvinnuhúsnæði víki fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða á reitnum verði að hámarki 160, á 2-5 hæðum. Gert er ráð fyrir 0,75-1 bílastæði pr. íbúð og að u.þ.b. 90% þeirra verði í innbyggðum og niðurgröfnum bílageymslum.

Veitur sjá um rekstur og dreifikerfi rafveitu og hitaveitu í Kópavogi og benda á að við þéttinguna þarf að styrkja stofnlagnir og byggja upp nýtt dreifikerfi í samræmi við breyttar aðstæður.

Veitur benda einnig á að í öllum nýjum hverfum í Kópavogi er gert er ráð fyrir tvöföldu kerfi hitaveitu og því þarf að gera þarf ráð fyrir að lögð verði bæði bakrás og framrás stofnlagna hitaveitu í allar nýjar heimæðar. Bakrás er tengd við fráveitubrunn og staðsetning ákvörðuð í samráði við Kópavog. Þetta er í stað þess að bakrás hitaveitu tengist beint í fráveitu frá húsnæði, sem á við þegar einfalt framrásarkerfi hitaveitu er lagt.

Einnig þarf að gera þarf ráð fyrir plássi fyrir mannvirki sem fylgja innviðum hitaveitu og rafmagns

Veitur leggja áherslu á mikilvægi samráðs frá fyrstu stigum skipulagsferlisins til samþykktar. Jafnframt óska Veitur eftir upplýsingum um áform og tímasetningar svo hægt sé að huga að nauðsynlegri styrkingu og samþættingu við framkvæmdir.

Virðingarfyllst,
f.h. Veitna

Helga Rún Guðmundsdóttir

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

EBV 150-02